

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B116-119

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 116-119**

**Nr. 867-899**

**2005**

## Efnisyfirlit B 116–119 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
867	26. sept.	Reglugerð um veiðar á íslenskri sumargotssíld .....	1845-1847
868	26. sept.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007 .....	1847
869	26. sept.	Auglýsing um áréttað bann við innflutningi frá Rússlandi og Kasakstan vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu .....	1847-1848
870	26. sept.	Auglýsing um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasú, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu .....	1848
871	27. sept.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....	1849
872	27. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík .....	1849
873	28. sept.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti .....	1850-1851
874	30. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1074, 29. desember 2004, um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2005, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands ..	1852-1853
875	4. okt.	Reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál .....	1853
876	4. okt.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 515/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti .....	1854
877	5. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....	1854-1855
878	5. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 224, 26. mars 2003, um takmarkaða heimild til veiða á sæbjúgum .....	1855
879	30. sept.	Reglur um bindiskyldu .....	1856-1858
880	27. sept.	Reglur m málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins .....	1859-1865
881	27. sept.	Reglur um tilkynningu samruna .....	1866-1876
882	20. sept.	Samþykkt um hunda- og kattahald í Svalbarðsstrandarhreppi	1877-1879
883	26. sept.	Reglugerð um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....	1879-1883
884	22. sept.	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Mýrdalshreppi .....	1883
885	9. sept.	Reglugerð um niðurfellingu reglugerða nr. 130/1981 um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks og breytingu á þeirri reglugerð nr. 308/1990 .....	1884
886	25. sept.	Gjaldskrá fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna föngunar og vörslu óskilahunda og óskilahunda á Fljótsdalshéraði .....	1884-1885
887	26. sept.	Reglur um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum .....	1885
888	27. sept.	Reglur um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum .....	1886
889	29. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Skaftárhreppi .....	1886

# STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 2005

26. september 2005

1845

Nr. 867

## REGLUGERÐ

### um veiðar á íslenskri sumargotssíld.

#### I. KAFLI

#### Síldveiðar í vörpu.

##### 1. gr.

Allar veiðar á íslenskri sumargotssíld með vörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Skipum sem leyfi hafa til síldveiða sbr. 1. málslíð er heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. september til 1. maí á hverju fiskveiðiári enda hafi þau fullnægjandi aflamark í síld. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða með vörpu sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra. Þá er heimilt að áskilja að flotvörpuveiðar á síld skuli aðeins heimilaðar á tilteknu svæði ef varpan er búin meðaflaskilju.

##### 2. gr.

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum.

Allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar á svæðum þar sem togveiðar eru bannaðar með reglugerðum, skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju eða meðaflaskilju við kolmunnaveiðar, sbr. þó lokamálslið 2. mgr. 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á eftirgreindum svæðum:

1. Utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði fyrir Vestfjörðum, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Blakknesi og norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðvestur frá Straumnesvita.
2. Á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa, sbr. reglugerð nr. 724, 24. október 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorðaustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.
3. Á svæði úti fyrir Suðausturlandi austan 12°50 V, sbr. reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnotaveiðar fyrir Suðausturlandi.

## II. KAFLI Veiðar í hringnót og net.

### 3. gr.

Skipum sem aflamark hafa í íslenskrri sumargotssíld er heimilt að stunda síldveiðar í net og hringnót á tímabilinu 1. september til 31. maí á hverju fiskveiðiári enda hafi þau fullnægjandi aflamark í síld. Veiðar á smásíld eru þó óheimilar en smásíld telst síld 27 cm að lengd eða minni mælt frá trjónuodda að sporðsenda. Skipstjórum er skylt að virða ákvæði reglugerða og skyndilokana um bann við síldveiðum.

### 4. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu áleti Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til veiða á smásíld eða veiða utan veiðitímabils enda fari afli til manneldis eða til beitu. Leyfi þessi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

### 5. gr.

Ef net eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn. Netið skal mælt vott.

## III. KAFLI Almenn ákvæði.

### 6. gr.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskrri höfn. Heimilt er að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé aflanum landað í íslenskrri höfn og tryggt að skráning og vigtun hans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nót til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafrafla, með síðari breytingum.

### 7. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða með vörpu vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til síldveiða með vörpu og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi heimild til síldveiða.

### 8. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

### 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim

sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 376, 8. október 1992, um síldveiðar og reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu, ásamt síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007.**

1. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi:

Ráðherra getur þó heimilað framleiðanda sem flytur á milli lögbýla að flytja með sér jöfnunargreiðslur, enda sé flutningurinn í samræmi við markmið samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða er taka til umhverfisverndar, landkosta og landnýtingarsjónarmiða.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um áréttað bann við innflutningi frá Rússlandi og Kasakstan vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Influensu í Rússlandi og Kasakstan, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

## 2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

## 3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 30. september 2005 og gildir til 15. janúar 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

## 1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

## 2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

## 3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. október 2005 og gildir til 15. janúar 2006. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 476/2005 um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Vallarselsreits, Vallarbraut 2-14 (jafnar tölur).*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. september 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna Vallarbrautar 2-14, í Vallarselsreit á Akranesi.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir einhalla þaki með 5° halla í stað mænispaks. Hámarkshæð húss verður innan þeirra marka sem upprunalegt skipulag gerði ráð fyrir.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 27. september 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Kirkjustétt 2-6.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 14. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt, svæði 1, vegna lóðarinnar að Kirkjustétt 2-6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 27. september 2005.*

**Helga Bragadóttir.**



# STJÓRNARTÍÐINDI B 117 – 2005

Nr. 873

1850

28. september 2005

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn kg</i>	<i>Verðtollur %</i>	<i>Magntollur kr/kg</i>
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	30
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.05-30.06.06	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafí vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 28. september 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólög Vilhjálmisdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 2005

Nr. 874

1852

30. september 2005

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 1074, 29. desember 2004, um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2005, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.**

1. gr.

3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Skip þau sem stunda veiðar í lögsögu Noregs og Rússlands skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Aðeins er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðurishafsporski og veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hvernar veiðiferðar, samkvæmt reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Eftirlitsstöðvarinnar, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs, Rússlands og Íslands og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs, Rússlands eða Íslands. Loks skal tilkynna um áætlaðan löndunarstað og löndunartíma.

Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs, Rússlands eða Íslands.

3. gr.

1. málslíður 9. gr. orðist svo:

Hafi allur afli í veiðiferð fengist innan rússneskrar eða norskrar lögsögu er heimilt að landa honum í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. september 2005.*

**Einar K. Guðfinnsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.**

## 1. gr.

Frá og með 7. október 2005 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 04'00 N – 26° 29'00 V
2. 66° 00'00 N – 26° 26'00 V
3. 65° 57'26 N – 26° 33'57 V
4. 65° 44'00 N – 26° 35'00 V
5. 65° 49'00 N – 26° 57'00 V
6. 66° 00'00 N – 26° 50'00 V

Þrátt fyrir ofangreint bann eru veiðar heimilar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni.

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 790, 29. ágúst 2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. október 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eypórsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 515/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

#### 1. gr.

Með vísan til 5. gr. reglugerðar nr. 515/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti, en í greininni er fjallað um endurúthlutun á tollkvótum, bætist við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer:</b>	<i>Nautgripakjöt – Vöruliðir 0202 og 0210:</i>				
0202.3xxx	Kjöt af dýrum af nautgripa- kyni, fryst	15.10.05 – 30.06.06	10.000	0	487

#### 2. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Tollnúmer:</b>	<i>Kjöt af dýrum af nautgripa- kyni, fryst</i>				
0202.3001	Hakkað	15.10.05 – 30.06.06	35.000	0	153

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. október 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi í klasa 7 og 8.*

Á fundi sveitastjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 7 og 8 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að klasanum er breytt úr fjölbýlis- og raðhúsabyggð í einbýlis- og parhúsaloðir. Innkeyrslur í klasann verða tvær í stað einnar áður. Íbúðir verða 28 og skiptast þannig að tólf íbúðir verða í sex parhúsum og sextán íbúðir í einbýlishúsum. Nýtingarhlutfall lóða 0.35 – 0.50.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 5. október 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 224, 26. mars 2003,  
um takmarkaða heimild til veiða á sæbjúgum.**

1. gr.

Í stað: „16. gr.“ í 2. gr. komi: 17. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. október 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUR

### um bindiskyldu.

#### 1. gr.

#### *Gildissvið og skilgreiningar.*

Reglur þessar gilda um útreikning og greiðslu bindiskyldu fjármálafyrirtækja (lánastofnana) sem hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, á grundvelli sundurliðunarblaðs vegna útreiknings bindiskyldu til tölfraeðisviðs Seðlabankans, sbr. 7. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við í 4. og 5. gr. reglnanna:

*Innlán:* Fjárhæðir sem bindiskyldur aðili skuldar viðskiptavinum aðrar en þær sem tilkomnar eru vegna útgáfu framseljanlegra skuldaskjala.

*Innlán með umsömdum binditíma:* Óframseljanleg innlán sem ekki er hægt að breyta í laust fé fyrir ákveðinn tíma eða er einungis hægt að breyta í laust fé fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

*Innlán sem eru uppsegjanleg eftir tilkynningu:* Óframseljanleg innlán sem ekki hafa umsaminn lánstíma og ekki er hægt að breyta í laust fé nema með tilkynningu sem þarf að berast með tilteknum fyrirvara eða er einungis hægt að breyta í laust fé fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

*Endurhverf viðskipti:* Mótvirði reiðufjár sem fengið er gegn skiptum á verðbréfum sem bindiskyldur aðili selur á ákveðnu verði með skuldbindingu um endurkaup á sama (eða svipuðu verðbréfi) á föstu verði á ákveðnum degi í framtíðinni.

*Útgefin skuldabréf:* Verðbréf önnur en hlutafé eða peningamarkaðsbréf sem gefin eru út af bindiskyldum aðila, og eru framseljanleg og verslað er með á eftirmarkaði eða hægt er að nota til mótvægis á markaði og sem veita eiganda ekki eignarrétt í útgáfustofnun. Meðtalin eru verðbréf (að undanskildum peningamarkaðsbréfum) sem gefa réttthafa óskilyrtan rétt til fastra eða samningsákveðinna tekna í formi afborgana og/eða fastrar fjárhæðar á tilteknum degi (eða dögum) eða hefst á tilteknum degi sem ákveðinn er við útgáfu. Meðtalin eru einnig framseljanleg lán sem eru gefin út í miklum fjölda sams konar skjala og sem er verslað með á skipulögðum markaði (eftirmarkaði).

*Peningamarkaðsbréf:* Markaðsverðbréf sem útgefin eru af fjármálafyrirtækjum og hafa mikið lausafjargildi vegna þess að verslað er með þau á peningamörkuðum (þ.e. mörkuðum þar sem velta er mikil og fjárhæðir eru háar og hægt er að breyta bréfum án mikils fyrirvara og með litlum tilkostnaði í reiðufé og bréf á slíkum markaði eru ólíkleg til að gjaldfalla og bera óverulega vaxtaáhættu) þar sem þátttakendur eru aðallega fjármálastofnanir. Kauphöll Íslands telst peningamarkaður í skilningi þessara reglna.

## 2. gr.

*Bindiskyldir aðilar.*

Bindiskylda nær til viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja sem heimilt er skv. lögum að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og fjármálafyrirtækja sem starfa á grundvelli 3. tl. 4. gr. laga nr. 161/2002 og eru ekki bundin af ákvæðum sér-laga eða fjárlaga hverju sinni um öflun fjár til starfsemi sinnar.

## 3. gr.

*Bindifjárhæð.*

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllum ófærðum vöxtum hennar, vera margfeldi bindigrunnis og bindihlutfalls eins og skilgreint er í 4. og 5. gr. reglna þessara.

Vanræki bindiskyld stofnun að skila sundurliðunarblaði vegna útreiknings bindiskyldu til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 7. gr. reglna þessara, er bankanum heimilt að úrskurða bindiskylda fjárhæð á grundvelli meðaltals tveggja síðustu sundurliðunarblaða vegna útreiknings bindiskyldu sem borist hafa frá viðkomandi stofnun auk 10% álags fyrir hvern mánuð og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði.

## 4. gr.

*Bindigrunnur.*

Eftirfarandi skuldaliðir mynda bindigrunn bindiskyldrar stofnunar:

- a. Innlán.
- b. Útgefin skuldabréf.
- c. Peningamarkaðsbréf.

Skuldir við Seðlabanka Íslands teljast ekki í bindigrunni.

## 5. gr.

*Bindihlutföll.*

Bindihlutfall 0% á við um eftirfarandi liði í bindigrunni:

- a. Innlán með umsömdum binditíma lengri en tvö ár.
- b. Innlán sem eru uppsegjanleg með lengri en tveggja ára uppsagnarfresti.
- c. Endurhverf viðskipti.
- d. Skuldabréf með umsömdum lánstíma lengri en tvö ár.

Bindihlutfall 2% á við um alla aðra liði í bindigrunni.

## 6. gr.

*Uppgjör bindingar.*

Útreikningur bindifjárhæðar fer fram fyrir 21. hvers mánaðar og miðast við upplýsingar um meðalstöðu bindigrunnis sbr. 4., 5. og 7. gr. við lok síðustu tveggja mánaða. Binditímabil er frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar og skal bindiskyldum stofnunum tilkynnt fyrir upphaf þess um bindifjárhæð.

Bindiskyldar stofnanir skulu sjá til þess að innstæða þeirra á viðskiptareikningi í Seðlabankanum sé að meðaltali á hverju binditímabili eigi lægri en tilkynnt bindifjárhæð. Sé innstæða á viðskiptareikningi að meðaltali á binditímabili lægri en tilskilin bindifjárhæð reiknar bankinn dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem á vantar að meðalinnstæða viðskiptareiknings nái tilskilinni bindifjárhæð og skulu viðurlögin skuldfærð á viðskiptareikning viðkomandi stofnunar að liðnum að minnsta kosti sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr.



nefndra reglna. Um ákvörðun dagsekta, kæruehimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

Bankastjórn ákveður sérstaklega vexti bindifjár en meðalinnstæða á viðskiptareikningi umfram bindifjárhæð ber vexti sem bankastjórn ákveður fyrir viðskiptareikninga bindiskyldra lánastofnana í Seðlabankanum.

7. gr.

*Skýrsluskil.*

Sundurliðunarblað vegna útreiknings bindiskyldu frá bindiskyldum stofnunum þar sem fram koma upplýsingar um bindigrunn í samræmi við skilgreiningar í 4. og 5. grein reglna þessara skal hafa borist Seðlabankanum eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

8. gr.

*Milliganga um bindiskyldu.*

Með samþykki Seðlabankans er einni bindiskyldri stofnun heimilt að fela annarri bindiskyldri stofnun að annast bindiskyldu fyrir sína hönd. Eigi að síður skulu allar bindiskyldar stofnanir láta Seðlabankanum í té upplýsingar skv. 7. gr. Bankinn mun tilkynna þeim stofnunum sem annast bindiskyldu fyrir aðrar stofnanir bindifjárhæðir þeirra. Heildarbindifjárhæð þeirrar stofnunar, sem fer með bindiskyldu fyrir aðrar bindiskyldar stofnanir, skal vera jöfn samtölu bindifjárhæðar hennar og hvernar þeirrar stofnunar sem hún fer með bindiskyldu fyrir.

Bindiskyldar stofnanir sem fela öðrum bindiskyldum stofnunum að annast uppfyllingu bindiskyldu skulu tilkynna Seðlabankanum þar um með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og uppsögn slíks samkomulags skal tilkynnt bankanum með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Aðilar að slíku fyrirkomulagi skulu gera með sér sérstakan samning þar sem meðal annars komi fram að vanefndir einstakra aðila á uppfyllingu bindiskyldu beri sömu viðurlög og tilgreind eru í 6. gr. þessara reglna. Samningar þessir skulu háðir staðfestingu bankans.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, taka gildi 21. október 2005. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um bindiskyldu nr. 906 frá 1. desember 2003. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í október 2005.

Reykjavík, 30. september 2005.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson,**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

# REGLUR

## um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

### I. KAFLI

#### Hlutverk og starfssvið Samkeppniseftirlitsins.

##### 1. gr.

###### *Hlutverk Samkeppniseftirlitsins.*

Hlutverk Samkeppniseftirlitsins er að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga. Í þessu felst eftirfarandi:

- a. að framfylgja boðum og bönnum samkeppnislaga og eftir atvikum 53. og 54. gr. EES-samningsins og leyfa undanþágur skv. samkeppnislögum,
- b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja,
- c. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum,
- d. að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja.

##### 2. gr.

###### *Verkefni Samkeppniseftirlitsins.*

Samkeppniseftirlitið annast stjórnýslu í samkeppnismálum og undirbýr og tekur ákvarðanir í málum sem varða samkeppnislög og eftir atvikum 53. og 54. gr. EES-samningsins. Í því felst m.a. að Samkeppniseftirlitið:

- a. aflar gagna í þeim málum sem eru til umfjöllunar hverju sinni,
- b. leitar sjónarmiða aðila að málum sem eru til umfjöllunar,
- c. ritar andmælaskjal sem leggur grundvöll að frekari meðferð máls,
- d. leitar samkomulags við aðila um að framkvæmdar verði ráðstafanir sem geti leitt til þess að samkeppnisyfirvöld hætti afskiptum af máli (sátt),
- e. tekur bráðabirgðaákvarðanir þegar sérstakar aðstæður krefjast þess,
- f. annast samskipti við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stjórnvöld og dómstóla,
- g. annast samskipti við erlend samkeppnisyfirvöld og aðrar erlendar stofnanir og samtök.

##### 3. gr.

###### *Athugun á samkeppnis- og viðskiptaháttum.*

Samkeppniseftirlitið aflar gagna og upplýsinga vegna athugunar á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum og á stjórnunar- og eignatengslum á milli fyrirtækja. Á grundvelli þessara gagna getur Samkeppniseftirlitið undirbúið og birt skýrslur eða gripið til aðgerða í því skyni að stuðla að virkri samkeppni.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að beina tilmælum til fyrirtækja, samtaka þeirra og opinberra aðila í því skyni að efla virka samkeppni. Slík tilmæli geta verið birt í formi leiðbeinandi reglna.

### II. KAFLI

#### Upphaf mála.

##### 4. gr.

###### *Tildrög mála o.fl.*

Samkeppniseftirlitið tekur mál til meðferðar, hvort heldur er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði, sem leitt geta til stjórnvaldsákvörðunar. Mál geta verið tekin til meðferðar að eigin frumkvæði t.d. á grundvelli:

- a. ábendinga skv. 7. gr. þessara reglna,
- b. upplýsinga sem birtast í fjölmiðlum,
- c. mats á samkeppnisskilyrðum á einstökum mörkuðum.

## 5. gr.

*Lögvarðir hagsmunir.*

Þeir sem sýnt geta fram á að þeir eigi lögvarinna hagsmuna að gæta eiga aðild að málum sem Samkeppniseftirlitið telur ástæðu til að taka til rannsóknar.

## 6. gr.

*Kröfur til erinda o.fl.*

Formleg erindi þar sem farið er fram á aðgerðir á grundvelli samkeppnislaga skulu vera skrifleg og undirrituð. Í erindum skulu koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka við reglur þessar.

Sá sem beinir erindi til Samkeppniseftirlitsins getur óskað eftir því að nafni hans verði haldið leyndu. Ef líklegt má telja að hagsmunir viðkomandi skaðist ef greint er frá nafni hans, skal fallast á ósk um nafnleynd. Ef ekki eru forsendur til þess að fallast á nafnleynd skal gefa kvartanda kost á því að draga erindi sitt til baka.

Erindi sem ekki uppfylla kröfur 1. mgr. eða viðauka við reglur þessar verða ekki tekin til meðferðar af Samkeppniseftirlitinu. Litið verður á slík erindi sem ábendingu í skilningi 7. gr. reglnanna.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um tilkynningar um samruna skv. 17. gr. samkeppnislaga.

## 7. gr.

*Ábendingar um samkeppnishömlur.*

Öllum er heimilt að snúa sér til Samkeppniseftirlitsins og vekja athygli á atvikum sem viðkomandi telur brjóta í bága við samkeppnislög eða raska samkeppni. Slíkar ábendingar geta verið settar fram skriflega eða munnlega og undir nafni eða nafnlaust.

Ábendingar skv. 1. mgr. geta leitt til þess að Samkeppniseftirlitið taki upp mál að eigin frumkvæði. Sá sem setur fram ábendingu telst ekki vera aðili að máli sem hefst í kjölfar ábendingar hans.

## 8. gr.

*Heimild til að taka ófullkomin erindi til meðferðar.*

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 6. gr. reglnanna getur Samkeppniseftirlitið ákveðið að taka aðsent erindi til meðferðar enda þótt það uppfylli ekki kröfur 1. mgr. 6. gr. þeirra. Er þetta heimilt í þeim tilvikum þegar meðferð slíkra erinda þykir hafa gagnleg áhrif á athuganir eða málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

## 9. gr.

*Mat á tilefni til rannsóknar.*

Ef erindi frá aðila, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, uppfyllir kröfur 1. mgr. 6. gr. þessara reglna tekur Samkeppniseftirlitið ákvörðun um hvort það gefi nægt tilefni til þess að hefja rannsókn og málsmeðferð.

Við mat á því hvort erindi gefi tilefni til rannsóknar skal Samkeppniseftirlitið hafa hliðsjón af málefnalegum sjónarmiðum sem þykja skipta máli í hverju tilviki fyrir sig. Eftirfarandi atriði geta m.a. skipt máli við mat Samkeppniseftirlitsins á því hvort hefja beri rannsókn:

- a. að meint brot eða samkeppnishömlur virðist vera alvarlegar,
- b. að meint brot eða samkeppnishömlur varði ekki aðeins viðskiptahagsmuni kvartanda heldur geti haft víðtækari skaðleg áhrif á samkeppni,
- c. að fyrirtæki sem kvartað er yfir hafi ekki látið af þeirri hegðun sinni sem var tilefni kvörtunar,
- d. að kvartandi geti ekki gætt viðkomandi hagsmuna sinna fyrir dómstólum.

Við mat á því hvort erindi gefi tilefni til rannsóknar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að leita umsagnar.

10. gr.

*Erindi ekki tekið til meðferðar.*

Telji Samkeppniseftirlitið að erindi fullnægi ekki lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun og meðferð eða gefi ekki tilefni til athugunar af öðrum ástæðum skal hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu. Jafnframt skal kynna kæruleið og frest til að skjóta niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

III. KAFLI

**Málsmeðferð.**

11. gr.

*Tilkynning um upphaf máls.*

Ákveði Samkeppniseftirlitið að taka mál til meðferðar skal þeim sem málið beinist að, einstaklingi, lögaðila eða stjórnvaldi, skýrt frá efni þess og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum, nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum, t.d. þegar til álita kemur að beita heimild 20. gr. samkeppnislaga.

12. gr.

*Skrifleg málsmeðferð o.fl.*

Málsmeðferð fyrir Samkeppniseftirlitinu skal vera skrifleg. Ef ástæða þykir til getur Samkeppniseftirlitið heimilað aðila málsins að gera munnlega grein fyrir meginatriðum í rituðum athugasemdum hans á fundi með Samkeppniseftirlitinu.

13. gr.

*Frestur til að koma að sjónarmiðum.*

Málsaðilum skal veittur hæfilegur frestur til þess að afhenda gögn og koma að sjónarmiðum sínum.

Í málum sem rekin eru á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga skal málsmeðferð taka mið af tímafrestum ákvæðisins. Aðilum skal því veittur skammur frestur til að koma að sjónarmiðum sínum og til að veita upplýsingar. Hið sama á við um þriðja aðila sem leitað er til um upplýsingar.

Ef athugasemdir málsaðila berast eftir að veittur frestur er liðinn er Samkeppniseftirlitinu ekki skylt að hafa hliðsjón af athugasemdunum við afgreiðslu málsins.

14. gr.

*Bráðabirgðaákvörðanir.*

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál þegar sennilegt þykir að sú háttsemi eða þær aðstæður sem til athugunar eru fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða ef athafnir opinberra aðila hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt er það skilyrði fyrir bráðabirgðaákvörðun að lík-

legt sé að bið eftir endanlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri ákvörðun eða málið að öðru leyti þolir ekki bið.

Ákvörðun til bráðabirgða gildir um tiltekinn tíma og hana má endurnýja ef það er talið nauðsynlegt.

Ef ekki þykir ástæða til að taka bráðabirgðaákvörðun er Samkeppniseftirlitinu heimilt að beina tilmælum til málsaðila um að láta af tiltekinni háttsemi þar til ákvörðun hefur verið tekin í málinu.

Þegar til álita kemur að taka bráðabirgðaákvörðun, hvort sem er á grundvelli kröfu eða að eigin frumkvæði Samkeppniseftirlitsins, skal þeim aðila sem slík ákvörðun kann að beinast að gert viðvart eins skjótt og auðið er. Skal honum kynnt efni og fyrirbyggjandi gögn málsins, sbr. þó 16. gr. reglnanna. Veita skal aðila skamman frest til að koma að sínum sjónarmiðum. Að frestinum liðnum skal Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að taka ákvörðun til bráðabirgða.

#### 15. gr.

##### *Aðgangur að gögnum.*

Aðilar að málum fyrir Samkeppniseftirlitinu eiga rétt á að kynna sér gögn sem málið varða, sbr. þó 16. gr. reglna þessara. Senda skal málsaðila gögn sem berast frá gagnaðila eða vekja athygli á þeim. Samkeppniseftirlitið skal vekja athygli aðila á öðrum gögnum en stafa frá málsaðilum, teljist þau til málgagna, og gefa þeim kost á að kynna sér þau. Þetta tekur þó ekki til gagna sem teljast vera opinber og öllum aðgengileg.

#### 16. gr.

##### *Takmörkun á upplýsingarétti.*

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls ef hagsmunir þeirra af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, einkum þegar um er að ræða viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar sem eðlilegt má telja að leynt fari.

Ef aðilar máls láta Samkeppniseftirlitinu í té gögn eða upplýsingar sem að mati þeirra eiga leynt að fara skulu þeir óska eftir því að farið verði með upplýsingarnar eða gögnin sem trúnaðarmál. Skal óskin rökstudd og tilgreint hvaða hluti gagnanna eða upplýsinganna séu að þeirra mati trúnaðarmál. Skal Samkeppniseftirlitinu einnig látið í té eintak af viðkomandi gögnum þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar á brott. Ef ekki er sett fram ósk um trúnað er Samkeppniseftirlitinu rétt að líta svo á að viðkomandi gögn eða upplýsingar innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að synja um eða takmarka aðgang málsaðila að gögnum skal rökstudd og tilkynnt aðilum. Í tilkynningu skal greina málsaðilum frá rétti þeirra til að skjóta ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan 14 daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina.

#### 17. gr.

##### *Andmælaskjal.*

Telji Samkeppniseftirlitið að íþyngjandi ákvörðun, þ.m.t. ákvörðun um stjórnvaldssektir, kunni að verða tekin í málum sem falla undir 10. gr., 11. gr., 12. gr. eða 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og eftir atvikum 53. eða 54. gr. EES-samningsins og rekin eru að öllu leyti að eigin frumkvæði Samkeppniseftirlitsins, skal taka saman greinargerð sem nefnist andmælaskjal. Í andmælaskjalinu skal helstu atvikum málsins lýst og greint frá grundvelli þess í aðalatriðum að tilteknaðstæður eða háttsemi kunni að fara gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ekki

er nauðsynlegt að í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins komi fram tæmandi lýsing á atvikum málsins eða sjónarmiðum Samkeppniseftirlitsins.

Andmælaskjalið er ritað í því skyni að stuðla að því að málið sé að fullu upplýst áður en ákvörðun er tekin og í því skyni að auðvelda aðila að nýta sér andmælarétt sinn. Andmælaskjal er liður í meðferð máls og felur ekki í sér bindandi stjórnvaldsákvörðun.

Andmælaskjalið skal sent málsaðilum og þeim gefinn hæfilegur frestur til að gera skriflegar athugasemdir við það og koma að frekari skýringum og gögnum. Ekki skal gefinn skemmri frestur en tvær vikur til að koma að athugasemdum og ekki lengri frestur en tveir mánuðir nema sérstakar aðstæður réttlæti annað.

Heimilt er að taka saman andmælaskjal í öðrum málum en þeim sem nefnd eru í l. mgr. ef atvik þykja óskýr eða æskilegt af öðrum orsökum að upplýsa málið frekar.

Málsaðilar skulu fara með efni andmælaskjals sem trúnaðarmál meðan á málsmeðferð stendur.

#### 18. gr.

##### *Forgangsröðun mála.*

Ákveði Samkeppniseftirlitið á einhverju stigi máls að nýta heimild 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga til forgangsröðunar mála, skal aðilum þess máls sem tefst í meðferð vegna þessa, tilkynnt um hina fyrirsjáanlegu töf og þeim greint frá því hvenær ákvörðunar megi vænta.

#### 19. gr.

##### *Tilkynning um lok gagnaöflunar.*

Ávallt skal ljúka gagnaöflun með athugasemdum þess málsaðila sem erindi beinist að eða kann að verða fyrir íþyngjandi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Öðrum málsaðilum skulu sendar til upplýsinga lokaathugasemdir þess sem kvartað er yfir. Aðilum málsins skal tilkynnt um það þegar gagnaöflun er lokið.

### IV. KAFLI

#### **Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins o.fl.**

#### 20. gr.

##### *Ákvörðun í máli.*

Að lokinni gagnaöflun og málsmeðferð tekur Samkeppniseftirlitið ákvörðun í málinu. Meiri háttar efnislegar ákvarðanir skal bera undir stjórn Samkeppniseftirlitsins, sbr. 3. gr. starfsreglna stjórnar Samkeppniseftirlitsins nr. 759/2005. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skal vera undirrituð af forstjóra þess.

#### 21. gr.

##### *Birting ákvörðunar.*

Eftir að máli er lokið skal ákvörðun tilkynnt málsaðilum og er hún bindandi eftir að hún er komin til þeirra. Veita skal leiðbeiningar um kærueimild og frest til að skjóta málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þegar það á við.

Ákvörðun skv. 20. gr. reglnanna skal birt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins eftir að hún hefur verið send aðilum. Ákvörðun skv. 10. gr. reglnanna um að hefja ekki rannsókn getur verið birt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins ef hún þykir hafa almenna þýðingu.

#### 22. gr.

##### *Sátt.*

Samkeppniseftirlitinu er heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Sátt getur m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á, eftir atvikum,

að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrir mælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni.

Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

### 23. gr.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt samkeppnislögum og stjórnsýslulögum.

## V. KAFLI

### Álit Samkeppniseftirlitsins.

#### 24. gr.

Álit sem Samkeppniseftirlitið beinir til opinberra aðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 8. gr. eða 18. gr. samkeppnislaga felur ekki í sér stjórnvaldsákvörðun.

Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um mál þar sem til greina kemur að beina álit til opinberra aðila.

Öllum er heimilt að vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á opinberum samkeppnishömlum og óska eftir því að eftirlitið beini álit til opinberra aðila. Slík erindi geta verið sett fram skriflega eða munnlega og undir nafni eða nafnlaust.

Ákveði Samkeppniseftirlitið að taka mál til meðferðar, hvort sem er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði, skal eftirlitið að jafnaði gefa því stjórnvaldi sem málið beinist að, kost á að koma að athugasemdum og skýringum áður en Samkeppniseftirlitið lýkur málinu með álit. Samkeppniseftirlitið getur sett stjórnvaldi ákveðinn frest í þessu skyni.

Eftir því sem ástæða þykir til kynnir Samkeppniseftirlitið þeim, sem kvartað hefur, gögn málsins nema um sé að ræða gögn er leynt eiga að fara og gefur kvartanda kost á að koma að athugasemdum. Samkeppniseftirlitið getur jafnframt leitað umsagnar annarra aðila.

Að jafnaði skal birta álit Samkeppniseftirlitsins til opinberra aðila á heimasíðu eftirlitsins.

## VI. KAFLI

### Gildistaka.

#### 25. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 922/2001.

Fyrir 1. október 2006 skal Samkeppniseftirlitið taka til athugunar hvort rétt sé að endurskoða ákvæði þessara reglna.

*Samkeppniseftirlitinu, 27. september 2005.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

## VIÐAUKI

### Upplýsingar sem fram þurfa að koma í erindi til Samkeppniseftirlitsins.

Formleg erindi þar sem farið er fram á aðgerðir á grundvelli samkeppnislaga skulu vera skrifleg. Erindi skal fylgja tvö ljósrit af því og tvö ljósrit af fylgiskjöllum ef um slík gögn er að

ræða. Einnig skal fylgja með eintak af erindinu í rafrænu formi. Ef trúnaðarupplýsingar koma fram í erindi skal einnig láta Samkeppniseftirlitinu í té eintak af erindi þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar á brott. Í erindinu skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

*Upplýsingar um þá aðila sem tengjast erindi.*

1. Greint skal frá nafni, heimilisfangi og kennitölu þess sem sendir erindið, auk netfangs hans ef um slíkt er að ræða. Ef sá sem sendir erindi er lögaðili skal greina stuttlega frá því hvaða starfsemi hann stundar. Ef við á skal greina frá því hvaða fyrirtækjasamstæðu viðkomandi lögaðili tilheyrir og uppbyggingu og starfsemi samstæðunnar.
2. Greina skal frá því fyrirtæki, samtökum fyrirtækja eða opinbera aðila sem erindið beinist að. Ef við á skal lýsa eins ítarlega og unnt er þeirri fyrirtækjasamstæðu sem viðkomandi fyrirtæki tilheyrir ásamt lýsingu á atvinnustarfsemi sem þessir aðilar stunda. Taka skal fram hvort sá sem ber fram erindi sé keppinautur eða viðskiptavinur þess sem kvartað er yfir eða hafi einhver önnur tengsl við hann.

*Lýsing á efni erindis og sönnunargögn.*

3. Ef kvartað er yfir meintu broti á samkeppnislögum eða opinberum samkeppnishömlum skal lýsa nákvæmlega þeim atvikum sem að mati kvartanda styðja það að brot hafi átt sér stað eða að samkeppni sé raskað. Jafnframt skal rökstutt hvers vegna þessi atvik eru talin fara gegn samkeppnislögum eða raska samkeppni. Lýsa skal með ítarlegum hætti þeirri vöru, þjónustu eða starfsemi sem tengist meintu broti eða samkeppnishömlum. Ef við á skal einnig lýsa þeim markaði sem erindið tekur til og þeim aðstæðum sem á honum ríkja, þ.m.t. viðskiptaháttum og eðli viðskipta með viðkomandi vörur eða þjónustu. Veita skal allar tiltækar upplýsingar um samninga, atvik, aðstæður eða aðgerðir þeirra aðila sem kvörtunin lýtur að. Ef við á skal tilgreina eftir föngum markaðshlutdeild allra viðkomandi fyrirtækja og gera grein fyrir helstu keppinautum og viðskiptavinum. Ef erindi lýtur að ósk um undanþágu frá 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga ber að setja fram ítarlegan rökstuðning sem styður það mat hlutaðeigandi að slík undanþága sé réttlætanager.
4. Með erindinu skal fylgja afrit af öllum gögnum sem viðkomandi býr yfir og tengjast þeim atvikum sem erindið fjallar um. Slík gögn geta t.d. verið bréf, tölvupóstur, samningar, dreifibréf, fundargerðir, minnispointar vegna funda eða símtala, yfirlit yfir verðþróun og önnur gögn eða hagtölur sem sýnt geta þróun á viðkomandi markaði o.s.frv. Tilgreina skal nafn og heimilisfang aðila sem staðfest geta þau atvik sem lýst er í erindi.

*Lögvarðir hagsmunir o.fl.*

5. Í erindi skal rökstutt hvaða lögvörðu hagsmuna hlutaðeigandi hafi að gæta. Einnig skal lýst þeim aðgerðum sem óskað er eftir að Samkeppniseftirlitið grípi til. Taka skal fram ef leitað hefur verið til annarra stjórnvalda eða dómstóla vegna málsins.
6. Ljúka ber erindi til Samkeppniseftirlitsins með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra sem að því standa:

Undirritaðir lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í erindi þessu, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga.



# REGLUR

## um tilkynningu samruna.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreining samruna.

##### 1. gr.

Ákvæði reglna þessara og viðauka þeirra gilda um tilkynningar til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja sem fellur undir 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

##### 2. gr.

Samruni skv. samkeppnislögum telst hafa átt sér stað þegar:

- a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
- b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
- c. eigendur með yferráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yferráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða
- d. fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.

##### 3. gr.

Yferráð skv. reglum þessum eru yferráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

- a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir fyrirtækis eða
- b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

### II. KAFLI

#### Tilkynning samruna.

##### 4. gr.

Skylt er að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a. Sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira á Íslandi, og
- b. að minnsta kosti tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu á Íslandi hvert um sig.

Telja skal með veltu skv. 1. mgr. veltu móður- og dótturfélaga fyrirtækja sem aðild eiga að samrunanum, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og veltu fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yferráð yfir.

Velta skv. grein þessari miðast við síðastliðið reikningsár eða eftir atvikum veltu síðustu 12 mánaða fyrir samruna.

##### 5. gr.

Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem uppfyllir skilyrði 4. gr. reglna þessara eigi síðar en einni viku eftir að samingi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekin aðili hafi náð yferráðum í fyrirtæki. Frestur þessi hefst þegar eitt af þessu hefur gerst.

Sé um að ræða samruna í skilningi a-liðar 2. gr. reglna þessara eða öflun sameiginlegra

yfirráða í skilningi c-liðar 2. gr. reglnanna skulu aðilar samrunans eða þeir sem ná sameiginlega yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningu um samrunann.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningu um samruna. Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningu.

#### 6. gr.

Í tilkynningu um samruna skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir í skrá um upplýsingar í viðauka við reglur þessar (samrunaskrá). Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi. Skrifleg tilkynning skal afhent Samkeppniseftirlitinu.

Samkeppniseftirlitið skal án tafar senda viðkomandi aðilum skriflega staðfestingu á því að stofnuninni hafi borist tilkynning.

#### 7. gr.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tiltekna upplýsingar sem óskað er eftir í viðauka, telji stofnunin eftir atvikum að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun á viðkomandi samruna.

Rökstudd skrifleg beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal sett fram áður en skylda til tilkynningar skv. 5. gr. reglna þessara verður virk.

#### 8. gr.

Þrjátíu daga frestur Samkeppniseftirlitsins skv. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga byrjar að líða þegar stofnuninni berst tilkynning um samruna, sbr. þó 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Ef upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem fylgja tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal Samkeppniseftirlitið tilkynna það viðkomandi fyrirtækjum skriflega og án tafar og setja fyrirtækjunum hæfilegan frest til að bæta úr. Í slíkum tilvikum byrjar frestur skv. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga að líða daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast.

Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

Verði veigamiklar breytingar á forsendum þeirra upplýsinga sem koma fram í tilkynningu og viðkomandi fyrirtækjum er kunnugt um þær, ber þeim að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um breytingarnar án tafar. Þegar svo hagar til og þessar veigamiklu breytingar geta haft veruleg áhrif á mat á samruna, byrjar frestur skv. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga að líða daginn sem upplýsingar um breytingarnar berast Samkeppniseftirlitinu. Samkeppniseftirlitið skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum um þetta skriflega og án tafar.

### V. KAFLI

#### Viðurlög og gildistaka.

#### 9. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005.

#### 10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 930/2001.

*Samkeppniseftirlitinu, 27. september 2005.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

VIÐAUKI  
skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram  
í tilkynningu til samkeppniseftirlitsins  
um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

INNGANGUR

**A. Markmiðið með þessari skrá.**

Í þessari skrá eru tilgreindar þær upplýsingar sem fyrirtækjum ber að veita þegar þau tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna fyrirtækja.

**B. Nauðsyn þess að upplýsingar séu réttar og fullnægjandi.**

Allar upplýsingar, sem krafist er í þessari skrá, skulu vera réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund. Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

Samkvæmt 42. gr. samkeppnislaga skal sá sem veitir samkeppnisyfírvöldum rangar skýrslur sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

**C. Trúnaður og upplýsingaskylda.**

Samkvæmt 34. gr. samkeppnislaga er þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda við framkvæmd samkeppnislaga óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að krefjast upplýsinga frá fyrirtækjum vegna athugunar á samruna vísast til 3. mgr. 17. gr. og 19. gr. samkeppnislaga.

Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni viðkomandi að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum aðilum í té með öðrum hætti, skal senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja greinilega hvert skjal „Trúnaðarmál“. Einnig ber að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Þegar tvö eða fleiri fyrirtæki standa sameiginlega að tilkynningu um samruna er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningu sem viðauka.

**D. Skilgreiningar og leiðbeiningar við útfyllingu þessa eyðublaðs.**

*Markaður þar sem áhrifa gætir:* Í 6. kafla þessarar skrár er óskað eftir að aðilar samrunans skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini ennfremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af samrunanum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga í skránni sem þarf að svara. Með hugtakinu „markaði þar sem áhrifa gætir“ í skránni er átt við markaði sem aðilar samrunans skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

*Ár:* Allar tilvísanir til orðsins „ár“ í þessari skrá merkja almanaksár nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við sl. almanaksár nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðir skulu gefnar upp í milljónum íslenskra króna með einum aukastaf, ef ekki er óskað eftir öðru eða tilefni er til annarrar framsetningar.

Hlutfallstölur skulu tilgreindar með einum aukastaf, nema annað komi fram.

## 1. KAFLI

**Grunnupplýsingar.**

## 1.1. Upplýsingar um aðila samrunans.

Taka skal fram fyrir hvern aðila:

1.1.1. heiti og pósthfang fyrirtækis;

1.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;

1.1.3. tengilið (nafn, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og/eða tölvupósthfang ásamt stöðu).

## 2. KAFLI

**Upplýsingar um samrunann.**

2.1. Nákvæmar upplýsingar um aðdraganda samrunans.

2.2. Nákvæmar upplýsingar um markmið samrunans.

2.3. Lýsið í stuttu máli eðli samrunans. Takið í þessu sambandi fram:

- a) hvernig staðið er lögformlega að samrunanum, s.s. hvort áformaður samruni er alger samruni að lögum og hvort aðilar ganga til samrunans óskiptir;
- b) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu hins sameinaða fyrirtækis verður háttað;
- c) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegs samruna;
- d) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samruna;
- e) hvort einhver aðilanna hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð<sup>1</sup> og eðli og umfang aðstoðarinnar.

2.4. Tilgreina skal til hvaða atvinnuvega samruninn nær.

2.5. Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki<sup>2</sup> um sig ber að veita eftirfarandi upplýsingar um eftirfarandi fyrir síðasta reikningsár:

- a) upplýsingar um veltu á Íslandi;
- b) upplýsingar um veltu á erlendum mörkuðum.

## 3. KAFLI

**Eignarhald og yfirræð<sup>3</sup>.**

Fyrir hvern (hvorn) samrunaaðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps.

---

1 Sbr. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2 Með hlutaðeigandi fyrirtæki er átt við aðila samrunans, móður og dótturfyrirtæki þeirra, fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtæki sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirræð yfir, sbr. 4. gr. reglna um tilkynningu samruna og 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

3 Sjá skilgreiningu á *yfirræðum* í 2. gr. reglna um tilkynningu samruna, sbr. einnig 4. gr. samkeppnislaga.

Tilgreina skal m.a. eftirfarandi:

- 3.1. öll fyrirtæki eða einstaklinga sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti;
- 3.2. öll fyrirtæki sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir<sup>4</sup> og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirlitum:
  - a) samrunaaðila;
  - b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 3.1.

Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirlit eru, t.d. hvort þau eru á grundvelli eignarhalds, samninga og/eða annars.

Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirlitum er háttað í fyrirtækjunum.

Jafnframt skal veita upplýsingar um:

- 3.3. Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afritum af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi.

#### 4. KAFLI

##### **Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.**

Fyrir aðila sem að samrunanum standa og fyrir hvert fyrirtæki eða einstakling sem um getur í svörum við spurningum í 3. kafla, skal:

- 4.1. tilgreina öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir (sjá í 6. kafla skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir) þar sem fyrirtækin, eða einstaklingar, í fyrirtækjahópnum ráða ein eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa.

Í hverju tilviki skal tilgreina hundradshlutann sem um er að ræða og eiganda hans;

- 4.2. tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í stjórn (framkvæmdastjórn eða félagsstjórn) og eiga einnig sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Í hverju tilviki skal tilgreina heiti hins fyrirtækisins og stöðu viðkomandi innan þess;

- 4.3. veita nákvæmar upplýsingar um yfirtöku ofangreindra fyrirtækjahópa (3. kafla) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir eins og þeir eru skilgreindir í 6. kafla.

Heimilt er að skýra þessar upplýsingar á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til skilningsauka.

---

<sup>4</sup> Sjá skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir í 6. kafla þessarar skrár.

## 5. KAFLI

**Fylgiskjöl.**

Auk þess sem um getur annars staðar á þessari skrá skulu aðilar að samruna láta eftirfarandi gögn fylgja:

- 5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvirkjandi samrunanum;
- 5.2. afrit af ársreikningum þeirra félaga sem að samrunanum standa fyrir tvö undanfarandi ár;
- 5.3. þegar tilgreindur er að minnsta kosti einn markaður þar sem áhrifa gætir: afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem á einhvern hátt tengjast samrunanum.
- 5.4. afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem aðilar samrunans hver um sig hafa gert eða látið gera undanfarin tvö ár varðandi hugsanleg áform þeirra um að hefja eða auka starfsemi á mörkuðum þar sem þeir hafa lítt eða ekki starfað áður.

## 6. KAFLI

**Skilgreiningar á mörkuðum.**

Viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samrunann.

Aðilum að samruna ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

*I. Viðkomandi vörumarkaðir.*

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngupjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngupjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgöngupjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgöngupjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.

*II. Viðkomandi landfræðilegir markaðir.*

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

### III. Markaðir þar sem áhrifa gætir

Þegar svarað er spurningum í þessari skrá skulu viðkomandi vörumarkaðir á Íslandi eða á því landsvæði sem við á og skilgreint er teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

- a) ef tvö eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samruni þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegrar markaðshlutdeildar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl;
- b) ef eitt eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi<sup>5</sup> miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra á einhverju sviði nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samrunafyrirtækjanna eða ekki. Þetta nefnast lóðrétt tengsl.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar:

6.1. Tilgreinið og lýsið hverjum markaði þar sem áhrifa gætir, í skilningi III. þáttar.

### IV. Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.

6.2. Lýsið viðkomandi vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum, þar sem eitt eða fleiri samrunafyrirtækja stunda viðskipti á mörkuðum sem samruninn snertir og eru skyldir markaði (mörkuðum) þar sem áhrifa gætir (markaðir á fyrra eða seinna sölustigi eða nærliggjandi markaðir á sama sölustigi), en teljast þó ekki markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.

### V. Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.

6.3. Þegar aðilar samrunans starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir ekki, í skilningi III. þáttar, skal lýsa vöru- og svæðisbundnum einkennum þeirra markaða.

Athuga ber að lýsa skal og gefa upplýsingar um alla markaði sem samrunaaðilar starfa á undir lið III, IV eða V hér að framan.

## 7. KAFLI

### Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir.

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir hvert hinna þriggja síðustu reikningsára og:

- a) fyrir Ísland,

---

<sup>5</sup> Á ensku *upstream or downstream*.

- b) og fyrir viðkomandi landfræðilegan markað, ef hann er annar en Ísland að mati aðila samrunans,

skal veita upplýsingar um:

- 7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins í fjárhæðum, t.d. miðað við tekjur eða söluverðmæti, og magni (í einingarfjölda). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tók eru á;
- 7.2. markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna stendur, miðað við sömu viðmið og fram koma í lið 7.1.;
- 7.3. áætlaða markaðshlutdeild (í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni) allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af markaðinum sem er til athugunar. Leggið fram skjöl til staðfestingar, ef tók eru á, og látið fylgja nöfn þessara keppinauta;
- 7.4. mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings þar sem tilgreina skal:
  - a) hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samrunaðilar tilheyra, í slíkum innflutningi,
  - b) mat á áhrifum kvóta, tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á þennan innflutning,
  - c) mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning;
- 7.5. hvernig fyrirtæki sem að samruna standa framleiða og selja vöru og þjónustu; til dæmis hvort framleiðsla/þjónusta er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundin dreifikerfi;
- 7.6. samanburð á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum;
- 7.7. eðli og umfang lóðrétrar samþættingar<sup>6</sup> fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta.

## 8. KAFLI

### Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.1. Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu<sup>7</sup> birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja (innkaupum á hráefni eða vörum sem notaðar eru til framleiðslu á viðkomandi vörum).

### Hvernig framboði er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.2. Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðunum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:
- a) algengustu dreifikerfum á markaðinum og vægi þeirra. Að hvaða marki annast þriðju aðilar dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. kafla?
  - b) algengustu þjónustukerfum og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. kafla?

<sup>6</sup> Á ensku *vertical integration*.

<sup>7</sup> Það er að segja birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki eða önnur tengd fyrirtæki. Auk þessara fimm sjálfstæðu birgja er unnt að tilgreina birgja innan fyrirtækjahópsins ef það er talið nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Hið sama gildir í lið 8.5 um viðskiptavini.



- 8.3. Þar sem við á skal leggja fram mat á heildarafkastagetu síðastliðin þrjú ár. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver aðili samrunans um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu?
- 8.4. Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá hér.

### Hvernig eftirspurn er háttáð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

- 8.5. Tilgreinið nöfn tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavina aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hve stóran hlut í heildarsölu o.s.frv. hjá viðkomandi aðila hver þessara viðskiptavina hefur á viðkomandi tímabili.
- 8.6. Lýsið því hvernig eftirspurn á hverjum markaði er háttáð að því er varðar:
- þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útpenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa;
  - vægi viðskiptavinavildar<sup>8</sup> að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval;
  - sambjöppun eða dreifingu neytenda;
  - skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki;
  - vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga;
  - vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum.

### Markaðsaðgangur.

- 8.7. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Ef svarið er já skal gefa upp heiti hvers fyrirtækis og áætla núverandi markaðshlutdeild hvers þeirra.
- 8.8. Telja aðilar samrunans að til séu fyrirtæki, þ.m.t. erlend fyrirtæki, sem eru líkleg til að hasla sér völl á markaðinum? Ef svarið er já, skal skýra hvers vegna, áætla hvenær þetta muni eiga sér stað og gefa upp heiti fyrirtækjanna.
- 8.9. Lýsið hinum ýmsu þáttum, bæði landfræðilegum og þeim sem lúta að vörinni/þjónustunni, sem hafa áhrif í þessu tilviki á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:
- heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (undirbúningskostnaður, rannsóknir og þróun, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur keppinautur og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks keppinautar;
  - aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, svo sem leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers kyns opinberum stöðlum;
  - að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa;
  - að hve miklu leyti hver og einn aðili samrunans hefur eða lætur í té nytjaleyfi, verkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum;
  - vægi stærðarhagkvæmni í rekstri á mörkuðum þar sem áhrifa gætir;

---

8 Á ensku *customer preferences*.

- f) aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum;
- g) aðgangi að hvers konar aðstöðu eða samstarfi sem nauðsynlegt er til að geta veitt þjónustu á viðkomandi markaði. Upplýsið um kostnað og hugsanlegar hindranir sem nýr aðili á markaðnum stæði frammi fyrir í þessu sambandi.

### **Rannsóknir og þróun.**

- 8.10. Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar<sup>9</sup> á umræddum mörkuðum og hjá aðilum samrunans;
- b) tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þar með talin þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.);
- c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum;
- d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar samrunaaðilarnir eru staddir í því ferli.

### **Samstarfssamningar.**

- 8.11. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta og/eða lóðrétta) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?
- 8.12. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samrunaaðilar hafa gert við aðra á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu og upplýsingaskipti.

### **Atvinnugreinasamtök.**

- 8.13. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir skal tilgreina samtök sem samrunafyrirtæki tilheyrja.

Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka og verksvið þeirra.

## **9. KAFLI**

### **Áhrif á neytendur og milliliði.**

- 9.1. Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðs samruna á hagsmuni neytenda og milliliða og á þróun efnahags- og tækniframfara.

---

<sup>9</sup> Umfang rannsókna og þróunar er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun, sem hlutfall af veltu.

## 10. KAFLI

**Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis<sup>10</sup>.**

10.1. Þegar um er að ræða samruna í skilningi d. liðar 2. gr. reglna um tilkynningu samruna, sbr. 4. gr. samkeppnislaga, skal svara eftirfarandi spurningum:

- a) Halda tvö eða fleiri fyrirtæki, sem standa að hinu sameiginlega verkefni (móðurfyrirtæki), áfram verulegri starfsemi á sama markaði og sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við þann markað sem hið sameiginlega verkefni starfar á, eða á náskyldum tengdum markaði?

Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:

- veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta reikningsári,
- efnahagslegt vægi starfsemi sameiginlega verkefnisins miðað við þessa veltu,
- markaðshlutdeild hvers móðurfyrirtækis.

Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.

- b) Ef svarið við a-lið er já og það er mat aðila að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ber að rökstyðja svarið.

## 11. KAFLI

**Viðbótartakmarkanir<sup>11</sup>.**

11.1. Ef aðilar samruna og/eða aðrir hlutaðeigandi aðilar (þar með taldir seljandi og minnihlutahluthafar) gera með sér samning um viðbótartakmarkanir, sem eru í beinum tengslum við samrunann og nauðsynlegar til að framkvæma samrunann má meta samkeppnisleg áhrif í tengslum við samrunann sjálfan.

- a) Tilgreina skal allar viðbótartakmarkanir í samningum sem fylgja tilkynningu og óskað er eftir að fá metnar í tengslum við samrunann; og
- b) útskýra ber hvers vegna þessar takmarkanir eru í beinum tengslum við samrunann og nauðsynlegar fyrir framkvæmd hans.

## 12. KAFLI

**Yfirlýsing.**

Ljúka ber tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra sem að henni standa:

Undirritaðir lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljóst er það gert í góðri trú. Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði 2. mgr. 42. gr. samkeppnislaga.

<sup>10</sup> Á ensku *joint venture*.

<sup>11</sup> Á ensku *ancillary restraints*. Dæmi um slíkar viðbótartakmarkanir eru sanningsákvæði um að seljandi fyrirtækis stundi ekki samkeppni við kaupanda í tiltekinn tíma og aðrar aðgerðir sem miða að því að viðhalda verðmæti þess sem selt er.

# SAMÞYKKT

## um hunda- og kattahald í Svalbarðsstrandarhreppi.

### 1. gr.

Hunda- og kattahald í lögsagnarumdæmi Svalbarðsstrandarhrepps er háð leyfi og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari og ber eigendum og umráðamönnun þessara dýra að fara að fyrirmælum samþykktarinnar í einu og öllu.

### I. HUNDAHALLD

#### 2. gr.

Lögráða eiganda eða umráðamanni er skylt að skrá hunda sem eru eldri en 3ja mánaða á skrifstofu sveitarfélagsins. Þar skal skrá nafn og lögheimili eiganda eða umráðamanns og heiti hunds, aldur, kyn, litarhátt og eftir atvikum önnur einkenni.

#### 3. gr.

Við skráningu hunds skal framvísa vottorði um ábyrgðartryggingu viðurkennds tryggingafélags og skal tryggingin ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda.

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar fyrirhugað er að halda hund í fjölbýlishúsi er því skylt að leggja fram skriflegt samþykki annarra íbúa og/eða eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.

Hundurinn skal vera tryggilega merktur s.s. með hálsól eða örmerktur. Á merki skal skráð skráningarnúmer hundsins, nafn eigenda, heimilisfang og símanúmer. Við skráningu skal eiganda afhent eintak af samþykkt þessari.

#### 4. gr.

Eigandi eða umráðamaður skulu gæta þess vel að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, nema í fylgd með manni sem hefur fulla stjórn á honum. Eigandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hundur hans sannanlega veldur. Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Þeim, sem hefur hund í för með sér, er skylt að fjarlægja saur, sem hundurinn lætur eftir sig á almannafæri.

#### 5. gr.

Óheimilt er að fara með hunda inn í verslanir, matvælavinnslur, veitingastaði, samkomuhús, skóla, leikvelli, almennar skrifstofur, snyrtistofur, íþróttastöðvar, heilbrigðisstofnanir og aðra sambærilega staði. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Óviðkomandi skulu ekki gefa sig að hundum, hvorki með klappi né öðru atferli, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Hundahald er óheimilt í húsnaði sveitarfélagsins nema með sérstöku leyfi sveitarstjóra.

#### 6. gr.

Ef hundur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hundinn. Eftirlitsmaður með dýrahaldi skal handsama hund, sem er óleyfilegur eða gengur laus á almannafæri og auglýsa að hann hafi verið tekinn í vörslu. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan 7 daga frá birtingu auglýsingar skal ráðstafa honum til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflifaður. Kostnaður vegna handsömunar og vörslu á hundi skal greiddur af eiganda eða forráðamanni. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað.

## 7. gr.

Árleg ormahreinsun er skipulögð af skrifstofu sveitarfélagsins og fer hún að jafnað fram í lok októbermánaðar. Eigendur hunda, sem búið er að ormahreinsa á árinu þegar árleg ormahreinsun sveitarfélagsins fer fram, skulu framvísa vottorði þar um. Samhliða árlegri ormahreinsun sveitarfélagsins skal framvísa staðfestingu á endurnýjun ábyrgðartryggingar. Hvatt er til reglulegra bólusetninga hunda gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

## 8. gr.

Greiða skal í sveitarsjóð árlegt gjald vegna hundahalds og ormahreinsunar samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og eftirlit. Í gjaldskrá er einnig heimilt að ákveða handsömunargjald. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

## II. KATTAHALD

## 9. gr.

Eigandi og umráðamenn skulu gæta þess að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeyndur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

## 10. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

## 11. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum takmarka útveru katta.

## 12. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári, eða oftast eftir þörfum. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

## 13. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Eftirlitsmanni með dýrahaldi er heimilt að handsama kött, sem undan er kvartað. Auglýsa skal handsömun kattar. Hafí kattarins ekki verið vitjað innan 7 daga frá birtingu auglýsingarinnar skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Kostnaður vegna handsömunar og vörslu á ketti skal greiddur af eiganda. Dýraeftirlitsmanni er heimilt að eyða ómerktum flækingsköttum.

## III. ÖNNUR ÁKVÆÐI

## 14. gr.

Eigendur og forráðamenn hunda eða katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til dýra-

halds af þessum toga ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem dýrin eru sannanlega völd að.

## 15. gr.

Eftirlitsmaður með dýrahaldi í Svalbarðsstrandarhreppi annast framkvæmd og eftirlit með hunda- og kattahaldi í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og getur hann leitað aðstoðar lögregluþingvalda þegar þörf krefur. Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar, svo sem um eftirlit, hreinsun o.fl. Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum.

## 16. gr.

Samþykkt þessi, sem samin hefur verið af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps og samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi frá 1. janúar 2006.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

## I. KAFLI

**Hlutverk.**

## 1. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) er fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir fjármálaráðherra.

## 2. gr.

ÁTVR hefur með höndum eftirtalin verkefni:

- a. Innkaup á áfengi.
- b. Birgðahald og dreifingu á áfengi til vínbúða.
- c. Rekstur vínbúða.
- d. Innkaup, innflutning, heildsölu og dreifingu á tóbaki.
- e. Framleiðslu á neftóbaki.

## 3. gr.

ÁTVR skal sinna verkefnum sem versluninni eru falin í 2. gr. í samræmi við lög nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, áfengislög nr. 75/1998, með síðari breytingum og reglugerð þessa. Starfsemi ÁTVR skal miða við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila arði sem telst hæfilegur, m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri hennar.

## II. KAFLI Yfirstjórn.

### 4. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn ÁTVR til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

### 5. gr.

Stjórn ÁTVR markar meginstefnu fyrirtækisins og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórnin skilar ráðherra árlegri skýrslu um starfsemi sína.

### 6. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Fundir stjórnar eru lögmætir ef a.m.k. tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar til bókar. Forstjóri ÁTVR situr fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

### 7. gr.

Ráðherra skipar forstjóra ÁTVR. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri. Hann ræður starfsfólk og ákveður starfssvið þess í samræmi við þarfir fyrirtækisins. Forstjóri gerir starfsáætlun og rekstraráætlun að höfðu samráði við stjórn ÁTVR og á grundvelli þeirrar meginstefnu sem stjórnin hefur markað. Forstjóri ber ábyrgð á gerð ársskýrslu fyrir hvert ár og kynnir hana fyrir stjórninni. Forstjóri kemur fram út á við fyrir hönd ÁTVR.

## III. KAFLI

### Innkaup og sala áfengis og tóbaks.

#### *Vöruval áfengis.*

### 8. gr.

Ákvarðanir um innkaup áfengis skulu byggjast á reglum um vöruval sbr. 9. gr. sem ÁTVR setur.

Reglurnar skulu annars vegar miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og hins vegar að því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu hljóta staðfestingu ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

### 9. gr.

Í vöruvalsreglum ÁTVR um áfengi skal sölutegundum áfengis, sem ÁTVR hefur á boðstólum, skipt í eftirtalda söluflokka eftir sölumæðferð: kjarna, reynsluflokk, mánaðarflokk og sérflokk. Áfengi í kjarna og í reynsluflokki skal einnig skipt upp í vöruflokk eftir þeim megin-einkennum sem áfengið hefur vegna framleiðsluáferða eða hráefnis sem notað var við framleiðsluna. Heimilt er að skipta einstökum vöruflokkum frekar upp, t.d. eftir uppruna. Einnig er heimilt að kveða á um hámarksstærð og lágmarksstærð umbúða sölutegunda í einstökum vöruflokkum.

### 10. gr.

Nýrri vöru, sem tekin er til ótímabundinnar sölu og ekki telst til sérflokks sbr. 12. gr., skal skipa í reynsluflokk. Í vöruvalsreglum ÁTVR skal kveðið á um þann árangur, sem ná þarf í sölu til að vara komist í varanlega sölu, haldist innan reynsluflokks eða dugi ekki til að sölu verði haldið áfram.

Í vöruvalsreglum skal kveða á um þann söluárangur sem ná þarf í sölu vöru, sem skráð er til varanlegrar sölu þ.e. í söluflokkinn kjarna til þess að hún haldist í söluflokknum.

## 11. gr.

ÁTVR getur haft til sölu í vínbúðum sínum áfengistegundir, sem hvorki eru í kjarna né reynsluflokki, ef þær eru sérstaklega ætlaðar til sölu á ákveðnum árstímum, enda séu þær að innihaldi frábrugðnar öðrum áfengistegundum frá sama áfengisframleiðanda og hefð fyrir sölu þeirra á ákveðnum árstíma. Þær áfengistegundir sem boðnar eru til sölu með þessum hætti skulu flokkast í mánaðarflokk. Tilgreina skal sölutíma í sölureglum ÁTVR.

## 12. gr.

Auk vöru í kjarna, reynsluflokki og mánaðarflokki getur ÁTVR haft á boðstólum í einni eða fleiri vínbúðum sínum áfengistegundir, sem ekki teljast til þessara flokka, en nauðsynlegt þykir að bjóða til sölu til að tryggja viðunandi fjölbreytni í vöruúrvali og þjóna eftirspurn kaupenda. Áfengistegundir seldar með þessum hætti skulu flokkast í sérflokk.

## 13. gr.

ÁTVR skal halda uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið til sölu skv. ákvæðum 9. – 12. gr.

Í vöruvalsreglum skal nánar kveðið á um sölu áfengis í pöntunarþjónustu m.a. um þá tryggingu sem sá er pantar vöru setur fyrir því að af viðskiptum verði.

## 14. gr.

ÁTVR skal semja skrá um framlegð allrar sölutegunda áfengis. Með framlegð er átt við mun söluverðs og innkaupsverðs. Framlegðarskrá sýni framlegð vöru á 12 mánaða tímabili. Framlegð sexhundraðustu vöru á framlegðarskrá skal notuð til viðmiðunar um framtíð vöru í verzlunum ÁTVR eftir því sem nánar verður kveðið á um í vöruvalsreglum.

## 15. gr.

Vöruvalsreglur skulu jafnan endurskoðaðar fyrir 1. mars ár hvert í ljósi fenginnar reynslu og í því skyni að ná fram markmiðum þeim er fram koma í 2. mgr. 8. gr. Að lokinni endurskoðun hverju sinni skulu reglurnar staðfestar af ráðherra á ný og birtar í heild.

## 16. gr.

*Birgðahald áfengis.*

ÁTVR skal halda birgðir af áfengi eftir því sem eftirspurn gefur tilefni til. Birgðahald hverrar sölutegundar skal einnig miðað við það sem hagkvæmt er með tilliti til aðfangakostnaðar og geymslukostnaðar, þ.m.t. fjárbindingar í birgðum.

## 17. gr.

*Vínbúðir.*

ÁTVR rekur vínbúðir, þar sem áfengi er selt í smásölu.

Ákvarðanir er varða rekstur á einstökum vínbúðum, t.d. um afgreiðslutíma, mannahald o.fl. skulu teknar með hliðsjón af því, hvað er hagkvæmt á hverjum stað.

## 18. gr.

Komi fram tillaga eða ósk um opnun vínbúðar frá sveitarstjórn, skal ÁTVR gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni og ráðherra síðan taka endanlega ákvörðun í málinu. ÁTVR getur einnig átt frumkvæði að tillögugerð til ráðherra um opnun, lokun eða flutning vínbúðar.



## 19. gr.

*Verðlagning áfengis.*

Verð á einstökum sölutegundum áfengis skal vera hið sama í öllum vínbúðum ÁTVR.

## 20. gr.

Verð á áfengi frá vínbúð skal ákveðið þannig að við afhendingarverð frá birgjum skal bætt álagningu, sem ákveðin er með tilliti til kostnaðar við smásöldreifingu og þess að hún skili arði sem telst hæfilegur m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri ÁTVR. Álagningarhlutfallið skal vera hið sama innan hvers álagningarflokks, sbr. 21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að lækka tímabundið smásöluverð vöru sem felld hefur verið úr kjarna, sbr. 2. mgr. 10. gr.

## 21. gr.

Við ákvörðun álagningarhlutfalla skv. 2. mgr. 21. gr. skal áfengi skipt upp í þrjá álagningarflokka, bjór, áfengi til og með 22% vínanda miðað við rúmmál og aðra áfenga drykki. Hverjum álagningarflokki má skipta upp í undirflokka eftir sölumagni, veltuhraða og eðli vöru. Skal álagning reiknuð fyrir hvern undirflokk um sig og vera hin sama fyrir allar sölutegundir innan hans. Vöru í reynsluflokki, sérflokkum og sérpantað áfengi skal verðleggja með sérstöku aukaálagi.

Fjármálaráðherra ákveður þær hlutfallstölur, sem notaðar eru við verðlagningu.

## 22. gr.

Við sölu á áfengi sem undanþegið er áfengisgjaldi eða ber lækkað áfengisgjald skv. 6. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, sbr. 8. - 9. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald, skal álagning ÁTVR vera hin sama í krónum talin og við sölu á gjaldskyldu áfengi.

*Innkaup, vöruval, heildsala og dreifing tóbaks.*

## 23. gr.

Ákvarðanir um innkaup tóbaks skulu byggjast á reglum um vöruval sem ÁTVR setur. Reglur um innkaup, vöruval, heildsölu og dreifingu tóbaks skulu settar eftir sömu meginmarkmiðum og tilgreind eru um áfengi í reglugerð þessari. Við val á tóbaksvöru er ÁTVR óbundið af notkun framlegðarskrár, sbr. 14. gr. en getur þess í stað notað skrá um magn seldrar vöru, þyki það betur henta.

## IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 24. gr.

Stjórnarmenn, forstjóri og allir starfsmenn ÁTVR eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði er þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 25. gr.

Reikningsár ÁTVR er almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og lög nr. 86/1997, um ríkisendurskoðun. Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning að lokinni endurskoðun.

## 26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 369/2003, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Elmar Hallgríms.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjáreftilit í Mýrdalshreppi.

## 1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.036 með virðisaukaskatti. Innifalin er vinna og akstur.

## 2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal vera kr. 6.036 með virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og akstur.

## 3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

## 4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

## 5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluserðs án húsnæðis m.v. 1. nóvember hvert ár.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. september 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um niðurfellingu reglugerða nr. 130/1981 um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks og breytingu á þeirri reglugerð nr. 308/1990.

#### 1. gr.

Reglugerðir nr. 130/1981 um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks og breyting á þeirri reglugerð nr. 308/1990 sem settar voru samkvæmt lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, falla úr gildi. Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 9. september 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna föngunar og vörslu óskilahunda og óskilakatta á Fljótsdalshéraði.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaegendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald á Fljótsdalshéraði, skulu greiða leyfisgjald skv. c-lið 4. gr., 7. gr. og 8. gr. í samþykkt nr. 795/2005 um kattahald og c-lið 3. gr., 6. gr. og 7. gr. í samþykkt nr. 793/2005 um hundahald á Fljótsdalshéraði.

#### 2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 3. gr. að upphæð kr. 5.850 á hvern hund við skráningu.

Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 4. gr. að upphæð kr. 5.100 á hvern kött við skráningu.

Innifalið í leyfisgjaldi er eingöngu sá kostnaður sem bæjarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar, trygginga og aflesara. Allan annan kostnað sem til fellur vegna hunds eða kattar, skal greiða af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhættir og mengnarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Fljótsdalshéraði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 10.000 fyrir fyrsta skiptið sem hundur eða köttur er fangaður, í annað skiptið sem dýr er fangað skal greiða kr.

15.000, í þriðja skiptið sem hundur eða köttur er fangaður skal greiða kr. 20.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem hundur eða köttur er fangaður á almanaksárs-grundvelli.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflíf-unarkostnað.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 29. júní 2005, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar falla úr gildi eldri gjaldskrár vegna hunda- og kattahalds hjá bæjarfélaginu.

*Fljótsdalshéraði, 25. september 2005.*

**Eggert Már Sigtryggsson**, fasteigna- og þjónustufulltrúi.

## REGLUR

**um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat  
vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. í kafla 3.5. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðnings-fjölskyldna fatlaðra barna, verður svohljóðandi:

Í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði er í slíkum rekstri heimilt að færa til frádráttar 90 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 200 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. október 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 26. september 2005.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

---

*Guðmundur Thorlacius.*

## REGLUR

### um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Í stað „61,50“, „70,80“ og „89,20“ í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækja-  
styrk, kemur: „62“, „71,30“ og „89,90“.

#### 2. gr.

Í stað fjárhæða vegna dagpeninga innanlands í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum  
komi:

	Kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	14.300
Fyrir gistingu í eina nótt	8.300
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og  
eignarskatt, öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. október 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. september 2005.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Guðmundur Thorlacius.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

*Breyting á deiliskipulagi í Hörgslandi 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 11.  
október 2004 samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Hörgslandi 1, Skaftárhreppi.  
Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og  
byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveit-  
arstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 29. september 2005.*

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

**Oddur Bjarni Thorarensen.**

## REGLUR

### Samkeppniseftirlitsins um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmaett samráð fyrirtækja.

#### I. KAFLI

##### Sekt felld niður.

###### 1. gr.

Samkeppniseftirlitið mun fella niður sekt á fyrirtæki sem annars hefði verið sektað ef:

- a) fyrirtæki er fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólögmaetu samráði á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga eða
- b) fyrirtæki er fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna brot gegn 10. gr. eða 12. gr. samkeppnislaga.

###### 2. gr.

Niðurfelling á sekt á grundvelli a-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef Samkeppniseftirlitið, hefur ekki undir höndum fullnægjandi sönnunargögn til að hefja rannsókn á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga þegar sönnunargögn eru lögð fram.

Niðurfelling á sekt á grundvelli b-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef Samkeppniseftirlitið hefur ekki fullnægjandi sönnunargögn til að sanna hið ólögmaeta samráð, sbr. 10. gr. eða 12. gr. samkeppnislaga, og ekkert fyrirtæki hefur hlotið niðurfellingu á sektum á grundvelli a-liðar 1. gr. þegar sönnunargögn eru lögð fram.

###### 3. gr.

Auk skilyrðanna í a-lið 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. eða b-lið 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. verður fyrirtæki að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) það verður að sýna fullan samstarfsvilja meðan á rannsókn málsins stendur og láta Samkeppniseftirlitinu í té öll sönnunargögn og allar upplýsingar sem það býr yfir í tengslum við meint samkeppnislaga brot á meðan á rannsókn málsins stendur.
- b) það verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta samkeppnislaga broti eigi síðar en þegar það kemur upp um hið ólögmaeta samráð.
- c) það má ekki hafa þvingað önnur fyrirtæki til þátttöku í hinu ólögmaeta samráði.

###### 4. gr.

Fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt á grundvelli þessara reglna, skal hafa samband við Samkeppniseftirlitið. Verði það augljóst að skilyrði 1.-3. gr. eru ekki uppfyllt, mun Samkeppniseftirlitið skýra fyrirtækinu frá því án tafar að því standi niðurfelling á sekt ekki til boða vegna meints brots.

###### 5. gr.

Uppfylli fyrirtæki skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. og geti þar af leiðandi fengið niðurfellingu á sekt skal fyrirtækið:

- a) án tafar láta Samkeppniseftirlitinu í té öll sönnunargögn sem fyrirtækið býr yfir og varða meint ólögmaett samráð eða
- b) byrja á því að kynna fyrir Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um sönnunargögnin sem fyrirtækið hyggst leggja fram síðar, á tilteknum degi. Með upplýsingunum skal fylgja listi sem lýsir þeim sönnunargögnum sem fyrirtækið býr yfir og hyggst afhenda eftirlitinu. Á listanum ber fyrirtækinu að gera grein fyrir eðli og innihaldi sönnunargagnanna.

Fyrirtækið getur kynnt Samkeppniseftirlitinu afrit af gögnum þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa verið fjarlægðar en sýna samt sem áður fram á eðli og innihald gagnanna.

6. gr.

Samkeppniseftirlitið mun afhenda fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt, skriflega yfirlýsingu þar sem fram kemur hvenær fyrirtækið annaðhvort lét Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar og sönnunargögn, sbr. a-lið 5. gr. eða kynnti fyrir Samkeppniseftirlitinu lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 5. gr.

7. gr.

Þegar Samkeppniseftirlitið hefur fengið í hendur sönnunargögn sem fyrirtæki lætur eftirlitinu í té á grundvelli a-liðar 5. gr. og Samkeppniseftirlitið hefur staðreynt að fyrirtækið uppfyllir skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr., tilkynnir Samkeppniseftirlitið skriflega að fyrirtækið muni, að uppfylltum skilyrðum, fá hugsanlega sekt fellda niður.

8. gr.

Ef fyrirtæki velur að fara þá leið sem lýst er í b-lið 5. gr. mun Samkeppniseftirlitið staðreyna að eðli og innihald sönnunargagna, sem fram koma á lista með lýsingu á sönnunargögnum sem fyrirtækið leggur fram, fullnægi skilyrðunum í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. og tilkynna fyrirtækinu um niðurstöðu sína. Þegar fyrirtæki hefur á tilskildum tíma lagt fram þau sönnunargögn sem um er fjallað í lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 5. gr., og Samkeppniseftirlitið hefur staðreynt að gögnin séu í samræmi við lýsinguna tilkynnir eftirlitið skriflega að fyrirtækið muni, að uppfylltum skilyrðum, fá hugsanlega sekt fellda niður.

9. gr.

Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. má draga til baka sönnunargögnin sem það lagði fram eða óska eftir að Samkeppniseftirlitið skoði þau með tilliti til lækkunar á sekt, sbr. II. kafli reglnanna. Þetta kemur ekki í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið beiti rannsóknarræðum samkvæmt samkeppnislögum til að afla umræddra gagna.

10. gr.

Samkeppniseftirlitið mun ekki taka til skoðunar beiðni fyrirtækis um niðurfellingu á sekt fyrir en afstaða hefur verið tekin til beiðni sem þegar liggur fyrir vegna sama meinta brots á samkeppnislögum.

11. gr.

Ef fyrirtæki hefur uppfyllt öll skilyrði sem sett eru fram í 5. gr. við lok málsmeðferðar mun Samkeppniseftirlitið fella niður sekt í ákvörðun sinni í málinu.

## II. KAFLI

### Lækkun á sekt.

12. gr.

Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. kafla reglnanna getur engu að síður uppfyllt skilyrði til að fá fjarhæð sektar lækkaða í máli sem varðar ólögmeitt samráð fyrirtækja.

## 13. gr.

Til þess að njóta lækkunar sektar verður fyrirtækið að láta Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Þá verður fyrirtækið einnig að hætta þátttöku sinni í hinu meinta ólögmæta samráði.

## 14. gr.

Hugtakið „mikilvæg viðbót“ vísar til þess að hve miklu leyti sönnunargögn þau sem fyrirtækið lætur Samkeppniseftirlitinu í té, með tilliti til eðlis gagnanna og nákvæmni, hjálpa til við að upplýsa staðreyndir málsins. Samkeppniseftirlitið mun almennt séð líta svo á að skrifleg sönnunargögn sem stafa frá þeim tíma er meint brot áttu sér stað hafi ríkari gildi heldur en gögn eða upplýsingar sem koma til síðar. Jafnframt hafa bein sönnunargögn meiri þýðingu heldur en þau sem tengjast málinu með óbeinum hætti.

## 15. gr.

Samkeppniseftirlitið mun í ákvörðun sinni skera úr um hvort sönnunargögn sem fyrirtækið lét í té hafi á þeim tímapunkti er það gerðist haft verulega þýðingu með tilliti til þeirra sönnunargagna sem þá lágu þegar fyrir.

## 16. gr.

Uppfylli fyrirtæki skilyrðin fyrir lækkun sektar mun sektin lækka eftir neðangreindum reglum:

- (i) fyrsta fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupphæðina lækkaða um 30 til 50%,
- (ii) annað fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektarupphæðina lækkaða um 20 til 30%,
- (iii) önnur fyrirtæki sem á eftir koma og uppfylla skilyrðin fyrir lækkun sektar geta fengið allt að 20% lækkun á sektarupphæðinni.

## 17. gr.

Þegar metið er hversu mikla lækkun á sektarfjárhæðinni fyrirtæki hlýtur er tekið tillit til þess á hvaða tímapunkti fyrirtækið lagði fram sönnunargögnin og hversu mikla þýðingu þau höfðu fyrir rannsókn málsins. Einnig hefur Samkeppniseftirlitið hliðsjón af samstarfsvilja fyrirtækisins eftir að það lagði fram sönnunargögnin.

## 18. gr.

Ef fyrirtæki lætur Samkeppniseftirlitinu í té sönnunargögn sem varpa ljósi á áður óþekktar staðreyndir í málinu og hafa beina þýðingu varðandi mat á alvarleika hins meinta ólögmæta samráðs og hversu lengi það hefur varað þá mun Samkeppniseftirlitið ekki nota þær upplýsingar til að hækka sektina hjá viðkomandi fyrirtæki.

## 19. gr.

Fyrirtæki sem óskar eftir lækkun á sektarfjárhæð á grundvelli þessara reglna verður að láta Samkeppniseftirlitinu í té skrifleg sönnunargögn og upplýsingar sem geta sannað hið ólögmæta samráð sem fyrirtækið hefur verið þátttakandi í.

## 20. gr.

Fyrirtæki fær skriflega staðfestingu frá Samkeppniseftirlitinu þar sem fram kemur hvenær gögn eða upplýsingar sem fyrirtæki miðlar til eftirlitsins bástust því. Samkeppniseft-



irlitið mun ekki taka til skoðunar beiðni fyrirtækis um lækkun sektar samkvæmt þessum reglum fyrr en beiðnir sem þegar liggja fyrir hjá eftirlitinu og varða sama meinta brot á samkeppnislögum, hafa verið afgreiddar.

#### 21. gr.

Ef Samkeppniseftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að upplýsingar og sönnunargögn sem fyrirtæki lætur í té séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem þegar liggja fyrir mun fyrirtækinu vera skýrt skriflega frá þeirri niðurstöðu að til standi að lækka fjárhæð sektar sem hugsanlega verður lögð á fyrirtækið. Samkeppniseftirlitið mun tilkynna fyrirtækinu um þessa ákvörðun eigi síðar en þegar andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins verður birt málsaðilum.

### III. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 22. gr.

Aðeins þeir aðilar sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækis í því skyni sem um ræðir í reglum þessum er heimilt að leita til Samkeppniseftirlitsins vegna hugsanlegs samstarfs til niðurfellingar sektar eða lækkunar sektar. Þessar reglur taka því ekki til beiðna frá einstökum starfsmönnum fyrirtækis.

#### 23. gr.

Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. og II. kafla reglnanna á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, mun það leiða til þess að hætt verður við þá ívilnandi sektarmeðferð sem þar er kveðið á um.

#### 24. gr.

Samstarfsvilji fyrirtækja er eingöngu einn þáttur af mörgum sem Samkeppniseftirlitinu er heimilt að líta til við mat á sektum. Þessar reglur takmarka ekki heimildir Samkeppniseftirlitsins til að lækka sektir af öðrum ástæðum.

#### 25. gr.

Það að fyrirtæki njóta ívilnunar við ákvörðun sekta veitir þeim ekki einkaréttarlega vernd vegna aðildar að ólögmaetu samráði. Ef upplýsingar sem fyrirtækið lætur í té leiða til þess að Samkeppniseftirlitið tekur íþyngjandi ákvörðun verður fyrirtækið sem nýtur niðurfellingar eða lækkunar á sekt einnig tilgreint í þeirri ákvörðun og þess getið að það hafi brotið gegn samkeppnislögum og hlutverki þess lýst nákvæmlega. Sú staðreynd að fyrirtækið starfaði með Samkeppniseftirlitinu verður einnig nefnd í ákvörðuninni til að útskýra hvers vegna sekt var ekki lögð á eða hún lækkuð.

### IV. KAFLI

#### Gildistaka.

#### 26. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 8. gr., sbr. 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 397/2002.

*Samkeppniseftirlitinu, 27. september 2005.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 86/1998, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir orðinu „þróunarlöndin“ í 2. másl. 2. gr. reglugerðarinnar komi: tvíhliða og á fjölpjódlegum vettvangi.

#### 2. gr.

Á eftir orðinu „þróunarsamvinnumálum“ í fyrri málslið 4. gr. reglugerðarinnar komi: bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli.

#### 3. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í fyrri málslið greinarinnar falli brott orðliðurinn: þróunaraðstoðar.
- b. Í stað orðsins „málsmeðferð“ í síðari málslið greinarinnar komi: stöðu.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við 9. gr. laga nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, öðlast gildi við birtingu.

*Utánríkisráðuneytinu, 26. september 2005.*

**Davíð Oddsson.**

*Sigríður Snævarr.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Fjórði og fimmti málsliður 1. mgr. 14. gr. breytast og verða svohljóðandi: Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, og viðkomandi fagráði ef meistaranám er á hendi fleiri en einnar skorar. Skor eða fagrád getur lagt til við deildarráð að umsókn sé hafnað.

#### 2. gr.

Aftan við upphafsmálslið 16. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er þó að setja sérstakar reglur og kveða á í þeim um námsleiðir sem eru minnst 45 e.

#### 3. gr.

Þá verða eftirtaldar breytingar á 105. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, sbr. 5. gr. reglna nr. 532/2005:

1. Fyrsti málsliður 3. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Til M.A.-prófs er að jafnaði krafist minnst 60 eininga.

2. Annar málsliður 4. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Heimilt er í þeim reglum, að kveða á um námsleiðir sem skorir standa sameiginlega að, og námsleiðir, þar sem krafist er minnst 45 eininga til meistaraþrófs.

4. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hugvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. september 2005.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykhólahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reykhólahrepps og vegamálastjóra hefur verið ákveðið:

Hámarkshraði innan þéttbýlis á Reykhólum skal vera 35 km/klst. Þó skal hámarkshraði á Karlseyjarvegi (606) annars vegar frá vegamótum Reykhólasveitarvegur (607) að nyrðri vegamótum Hellisbrautar og hins vegar frá vegamótum Suðurbrautar að stað á móts við lóðina nr. 7 við Suðurbraut vera 50 km/klst.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 14. september 2005.*

**Pórólfur Halldórsson.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396 27. júní 1997.

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. 4. mgr. orðast svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík metur, að höfðu samráði við lögreglustjóra í umdæmi þar sem brot var framið, hvort nauðsynlegt sé að senda mann eða menn frá tækni-deild til að aðstoða við vettvangsrannsókn, samkvæmt 4. mgr. 8. gr. lögreglulaga. Synjun lögreglustjórans í Reykjavík má skjóta til ríkislögreglustjóra.

- b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:  
Ríkislögreglustjóri setur almennar reglur um hvenær lögreglustjórar eiga að leita aðstoðar tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. og 40. gr. lögregluglaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. september 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Ásgerður Ragnarsdóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 844/2001, um Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Háskólaráð skipar stofnuninni tíu manna stjórn til tveggja ára í senn. Fimm þeirra og jafnmargir til vara eru skipaðir beint af háskólaráði án tilnefningar og skulu þeir allir vera úr hópi starfsfólks háskólans. Fimm stjórnarmanna og jafnmargir til vara eru skipaðir af háskólaráði samkvæmt tilnefningu aðila að samstarfssamningi um stofnunina, sbr. 3. mgr. 1. gr.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. september 2005.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, nr. 544/2004.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast orðin: í samræmi við viðauka I.

2. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi viðauki:

## VIÐAUKI I

**Viðurkennd viðskipti og mótaðilar vegna áhættustýringar.**

Íbúðalánasjóður skal beita hefðbundnum áhættustýringaraðferðum til að tryggja vandaða áhættu- og fjárstýringu og jafnvægi í inn- og útgreiðslum sjóðsins sem nánar eru útfærðar í áhættustýringarstefnu. Í því skyni er Íbúðalánasjóði heimilt að ávaxta handbært fé á banka-reikningum, með viðskiptum með verðbréf eða með öðrum viðurkenndum fjárfestingaleiðum til skemmri eða lengri tíma.

Til annarra viðurkenndra fjárfestingarleiða skv. 1. mgr. teljast meðal annars kaup á fjármálagerningum eða skuldarviðurkenningum útgefnum af mótaðilum skv. A–E-flokki hér á eftir eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í verðbréfum útgefnum af þeim. Einnig samningar um kaup á fasteignaveðbréfum skv. F-flokki eða vaxtaberandi eignum sem byggja á greiðsluflæði frá slíkum bréfum.

Flokkar mótaðila og eigna eru:

- A. Ríkissjóður Íslands eða ríkisstofnanir.
- B. Lánastofnanir með fjárfestingarlánshæfismat sem er að minnsta kosti BBB frá Moody's eða sambærilegt frá öðrum matsfyrirtækjum.
- C. Fyrirtæki í OECD-ríkjum með langtímalánshæfismat sem er að minnsta kosti A1 frá Moody's eða sambærilegt frá öðrum matsfyrirtækjum.
- D. Innlend fjármálafyrirtæki, önnur en þau sem getið er í B-lið.
- E. Sveitarfélög.
- F. Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, útgefin af einstaklingum, fyrirtækjum eða fjármálafyrirtækjum. Skuldabréfin skulu almennt vera innan 80% af söluandvirði viðkomandi eignar, en þó aldrei umfram 90%.

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur vikmörk fjárfestingar fyrir hvern flokk í áhættustýringarstefnu sjóðsins í ljósi mats á mótaðilaáhættu. Mörkin skulu vera tvíþætt og taka annars vegar til áhættustýringar sjóðsins og þarfar hans á að gæta jafnvægis í líftíma eigna og skulda og greiðsluflæðis og hins vegar taka til skammtímafjárfestingar sjóðsins.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. mgr. 11. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins, tekur þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

**AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis og um deiliskipulag Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*a) Breyting á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Þrastarlund.*

Breytingin felst í að komið er fyrir sjálfsafgreiðslustöð við Þrastarlund og núverandi bensínafgreiðsla fjarlægð. Afmörkun svæðis og vegur innan þess breytist lítilsháttar og gámasvæði er flutt til.

*b) Deiliskipulag íbúðarhverfis á Borg.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 48 nýjum íbúðarlóðum, 20 einbýlishúsalóðum og 28 parhúsalóðum.

Einnig er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, skóla, sundlaug og íþróttahúsi ásamt iðnaðarhverfi fyrir léttan iðnað.

Deiliskipulag fyrir Borg frá 3. maí 2000 með síðari breytingum fellur úr gildi.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. september 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

## REGLUR

### um breytingar á reglum er varða hópundanþágu.

#### I. KAFLI

#### **Breyting á reglum nr. 256/2002, um hópundanþágu fyrir flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða.**

##### 1. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

#### II. KAFLI

#### **Breyting á reglum nr. 257/2002, um hópundanþágu fyrir flokka samninga um rannsóknir og þróun.**

##### 2. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

#### III. KAFLI

#### **Breyting á reglum nr. 259/2002, um hópundanþágu fyrir flokka samninga um sérhæfingu.**

##### 3. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

#### IV. KAFLI

#### **Breyting á reglum nr. 260/2002, um hópundanþágu fyrir flokka samninga um tæknilega yfirfærslu.**

##### 4. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

V. KAFLI  
**Lagastoð og gildistaka.**

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. mgr. 15. gr. samkeppnislaga, öðlast gildi við birtingu.

*Samkeppniseftirlitinu, 27. september 2005.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

## REGLUGERÐ

**um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu.**

I. KAFLI  
**Gildissvið og skilgreiningar.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til allra líkkistna sem nota á við greftrun eða líkbrennslu í skilningi laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu svo og duftkerja. Jafnframt tekur hún til skilyrða fyrir framkvæmd líkbrennslu og annarra atriða þar að lútandi.

2. gr.

*Markmið.*

Markmiðið með reglugerð þessari er að tryggja að líkkistuframleiðendur og starfsmenn útfararstofa noti þær líkkistur og umbúnað sem getið er um í reglugerð þessari í tengslum við greftrun, líkbrennslu og flutning á líkum innan lands og utan. Þannig ætti mengun við niðurbrot kistu eða duftkers í jarðvegi og við líkbrennslu að verða í lágmarki, ásamt því að tryggja öryggi við líkbrennslu. Enn fremur miðar hún að því að skýra ákvæði, er varða framkvæmd líkbrennslu, í lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og vera þeim til fyllingar.

3. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

*Grafarkista* er líkkista sem nota skal við greftrun.

*Brennslukista* er líkkista sem nota skal við líkbrennslu.

*Flutningsumbúnaður* er líkkista og annar búnaður, s.s. líkpoki, sem nota skal til flutnings á líki milli landshluta og landa.

*Duftker* er kerilát sem aska látins manns er varðveitt í eða jarðsett í.

II. KAFLI

**Kistur.**

4. gr.

*Grafarkistur.*

Grafarkistur skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

**Gerð:** Grafarkistur skulu ekki vera lengri að utanmáli en 230 cm, ekki hærri en 80 cm og ekki breiðari en 100 cm, þar með talin handföng og sökkull (fætur). Grafarkistur skulu vera úr efni sem samlagast jarðvegi í kirkjugarði á eðlilegum tíma og hindrar ekki náttúru-

legt niðurbrot. Þær skulu enn fremur vera loft- og vökvaheldar. Þegar þess er þörf skal kítta saman undir- og yfirkistu.

**Efniviður:** Allt óvatnsvarið efni, s.s. gegnheill viður, spónaplötur (E1) og MDF (Medium Density Fiberboard).

**Handföng:** Handföng skulu vera úr tré eða plasti, sem hefur eðlilegt niðurbrot og samlagast jarðvegi og valda ekki mengun. Sé um reipi að ræða skulu þau vera gerð úr trefjum sem tilheyrir plönturíkinu, s.s. pappa, hampi, sísal eða öðrum ómengandi efnum. Aðrar tegundir handfanga eru ekki leyfðar.

**Áfastar kistuskreytingar:** Áfastar kistuskreytingar, s.s. krossar og skrautmunstur (lassínur), skulu unnar úr niðurbrotanlegu efni sem samlagast jarðvegi. Skreytingar úr öðrum efnum ber að fjarlægja af kistu fyrir jarðsetningu. Efni sem nota má eru: MDF, maísmassi, spónaplötumassi, masonit og viðurkennt niðurbrotanlegt plast.

**Lausar kistuskreytingar:** Lausar kistuskreytingar, s.s. burðarvirki og festingar blóma og kransa, skulu vera úr vistvænu og viðurkenndu niðurbrotanlegu efni. Vottun þar um skal liggja fyrir hjá viðkomandi blómasala.

**Yfirborðsmeðhöndlun:** Efni í málningu eða annarri yfirborðsmeðhöndlun á grafarkistu má ekki geyma þungmálma eða önnur mengandi efni. Enn fremur mega kistur ekki vera plastklæddar.

**Kistoloksskrúfur:** Kistoloksskrúfur mega hvorki vera gerðar úr óniðurbrotanlegu plasti né skreyttar með með sink- eða blýskrauti. Vottun frá framleiðanda um efnisgerð skal liggja fyrir hjá viðkomandi útfararstofu.

**Samsetningarefni:** Málmefti, s.s. vinklar, skrúfur, naglar og hefti mega ekki veða meira en 200 grömm í hverri kistu.

**Límefni:** Lím verður að vera niðurbrotanlegt og hafa vistvænan stimpil.

**Innri umbúnaður:** Innri umbúnaður, s.s. líkklæði, sæng, koggi og blæja, skal vera úr niðurbrotanlegu efni sem samlagast jarðvegi. Óheimilt er að nota einangrunarefni, s.s. glerull, steinull og plast. Líkþoka eða blikkkistu (zink) ber að fjarlægja að fengnu leyfi héraðslæknis.

Vottun um efni í kistu, fasta fylgihluti og kistoloksskrúfur skal liggja fyrir hjá viðkomandi útfararstofu. Uppfylli grafarkista ekki framangreind skilyrði skal umsjónarmaður viðkomandi kirkjugarðs gefa um það skýrslu til yfirstjórnar kirkjugarðsins, áður en umsókn um greftrun er afgreidd.

## 5. gr.

### *Brennslukistur.*

Brennslukistur skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

**Gerð:** Brennslukistur skulu ekki vera lengri að utanmáli en 230 cm, ekki hærrí en 80 cm og ekki breiðari en 80 cm, þar með talin handföng og sökkull (fætur). Brennslukistur skulu vera úr efni sem ekki valda mengun við brennslu eins og getið er um hér að neðan.

**Efniviður:** Kista skal vera úr gegnheilum timbri, óvatnsvörðu MDF og spónaplötum (E1). Efnisþykkt skal minnst vera 14 mm.

**Handföng:** Handföng skulu vera úr tré eða plasti, sem er sérstaklega ætlað til brennslu og valda ekki mengun. Sé um reipi að ræða skulu þau vera gerð úr efni sem tilheyrir plönturíkinu, s.s. pappa, hampi, sísal eða öðrum ómengandi efnum.

**Kistuskreytingar:** Kistuskreytingar skulu unnar úr tré, masoníti eða hreinum pappa. **Yfirborðsmeðhöndlun:** Málning eða önnur yfirborðsmeðhöndlun má ekki innihalda þungmálma eða önnur mengandi efni. Enn fremur mega kistur ekki vera plastklæddar eða úr efnum sem valda sprengihættu eða ótímabærum eldi.

**Kistoloksskrúfur:** Skrúfur (skreytingar) úr sinki eða blýi, eða skrúfur sem geyma slík efni, má ekki nota til brennslu.



**Samsetningarefni:** Málmefni, s.s. vinklar, skráfur, naglar og hefti mega ekki veða meira en 250 grömm í hverri kistu.

**Límefni:** Lím verður að vera niðurbjótanlegt og hafa vistvænan stimpil.

**Innri umbúnaður:** Innri umbúnaður, s.s. líkklaði, sæng, koddur og blæja, skal vera úr efni sem valda ekki mengun við brennslu. Óheimilt er að nota einangrunarefni, s.s. glerull, steinull og plast. Ekki er leyfilegt að brenna kistu sem inniheldur líkpoka eða blikkkistu (zink).

Vottun um efni í kistu, fasta fylgihluti og kistuloksskráfur skal liggja fyrir hjá viðkomandi útfararstofu. Uppfylli brennslukista ekki framangreind skilyrði skal umsjónarmaður viðkomandi kirkjugarðs gefa um það skýrslu til stjórnar kirkjugarðsins, áður en umsókn um bálfor er afgreidd.

#### 6. gr.

##### *Flutningsumbúnaður.*

Purfi að flytja lík á milli landshluta eða landa skal nota kistur og/eða líkpoka sem sérstaklega eru ætlaðir í því skyni og uppfylla skilyrði viðkomandi flutningsaðila.

#### 7. gr.

##### *Skyldur aðila er annast útfararþjónustu fyrir líkbrennslu.*

Útfararstjórnar svo og aðrir, er annast undirbúning og frágang hins látna í líkkistu fyrir líkbrennslu eða greftrun, skulu ganga úr skugga um að ekki séu lagðir í kistuna aðskotahlutir sem valdið geta sprengihættu eða mengun við líkbrennslu eða mengun við greftrun. Leiki vafi á í þessum efnum skal málið til lykta leitt í samráði við hlutaðeigandi bálstofu eða kirkjugarð.

Haga skal ofangreindum frágangi varðandi gangráða og önnur hjálpartæki sem komið hefur verið fyrir í hinum látna í samræmi við samkomulag er gildir milli landlæknis og bálstofunnar í Reykjavík.

### III. KAFLI

#### **Framkvæmd greftrunar.**

#### 8. gr.

Útfararstofu þeirri, sem annast undirbúning greftrunar, ber skylda til þess að sjá um að sótt sé um grafreit til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Starfsmönnum kirkjugarðs, sem annast greftrun, er skylt að kanna tvisvar, með aðskildum hætti, umbeðna staðsetingu á þeim grafreit sem beðið er um og grafa skal í. Einnig skulu þeir tryggja að upplýsingar liggja fyrir um utanmál þeirrar kistu sem grafa skal. Við grafartökuna skal þess gætt að gott aðgengi sé jafnan að gröfinni og umhverfi snyrtilegt og jarðvegur fjarlægður sé því við komið. Grafstæði skal vera 2,50 x 1,20 metrar og grafstæði duftkera 0,75 x 0,75 metrar. Gangu skal þannig frá grafarbökkum að ekki hljóttist hætta af. Til þess að verja grafarbakkanu og auðvelda aðgengi getur verið heppilegt að leggja göngu-planka á bakkana. Notast skal við kaðla eða sigtæki til að láta kistu síga niður í gróf. Klæða má grafir að innan með grafardúk ef þurfa þykir, svo sem vegna hættu á jarðvegshruni. Þegar mokað er ofan í gröfina skal þess gætt að jarðvegur nái 20 – 30 cm upp fyrir grafarbakka til að mæta jarðvegssigi.

### IV. KAFLI

#### **Framkvæmd líkbrennslu.**

#### 9. gr.

##### *Bálstofur.*

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í bálstofum, sem viðurkenndar hafa verið

af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og sem hlotið hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisvirkvöldum.

Samþykki ráðuneytisins um staðsetningu og skipulag bálstofu í aðalatriðum er áskilið áður en bygging bálstofu hefst.

Ekki má hefja starfrækslu bálstofu fyrr en ráðuneytinu hefur verið tilkynnt um hverjir séu stjórnendur hennar og ábyrgir fyrir því, að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

Bálstofum skal ávallt haldið í góðu lagi, tæki vel nothæf, starfslið vel þjálfað og nægjanlegt auk þess sem starfshættir skulu vera hreinlegir, skipulegir og viðeigandi.

Stjórnendur bálstofu skulu setja verklagsreglur fyrir starfsemina. Ráðuneytinu skal afhent eintak af reglunum auk þess sem tilkynna þarf breytingar á þeim til ráðuneytisins. Eftirlit með rekstri bálstofa skal vera í höndum ráðuneytisins og heilbrigðisyfirvalda eða annarra aðila sem ráðuneytið tilnefnir sérstaklega. Ávallt skal veita eftirlitsaðilum aðgang að bálstofum óski þeir þess.

#### 10. gr.

##### *Skilyrði líkbrennslu.*

Við hverja bálstofu skal halda bálfarabók. Færa skal inn í hana í samfelldri töluröð, sérhvert lík sem brennt er, fullt nafn hins látna, dánarstað, dánardægur, bálfarardag og afdrif öskunnar.

#### 11. gr.

Áður en líkbrennsla er framkvæmd skal sá aðili, sem sér um framkvæmd hennar, sjá til þess að fyrir liggja vottorð frá viðkomandi sýslumanni eða fulltrúa hans þess efnis að ekkert sé því til fyrirstöðu, af hálfu embættisins, að líkið verði brennt.

#### 12. gr.

Merkja skal vottorð það sem 11. gr. kveður á um með innfærslutölu líkbrennslu í bálfarabók og skulu slík vottorð geymd í skjalasafni bálstofu.

Beiðnir aðstandenda um líkbrennslu, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, skulu vera skriflegar og geymast einnig í skjalasafni bálstofu.

#### 13. gr.

##### *Um framkvæmd líkbrennslu og meðferð ösku.*

Óheimilt er að hreyfa við líki úr kistu fyrir líkbrennslu nema kistan uppfylli ekki ákvæði reglugerðar þessarar. Þegar öll skilyrði fyrir framkvæmd líkbrennslu eru uppfyllt skal brennslukistan og innihald hennar flutt til líkbrennslu í því ástandi sem útfararstofa hefur afhent hana.

Hver brennslukista í umsjá bálstofu skal brennd ein og sér.

Gæta skal ýtrustu varúðar varðandi auðkenni hins látna frá móttöku í líkhús þar til ösku hins látna hefur verið komið fyrir í duftkeri. Auðkenna skal hverja kistu með númeraplötum úr eldföstum leir.

Stjórnendur og starfsmenn bálstofu skulu ávallt sýna virðingu við meðferð líks og framkvæmd líkbrennslu.

#### 14. gr.

Þegar að lokinni líkbrennslu skal öskunni safnað vandlega saman og búa um hana í þar til gerðu duftkeri, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Duftkeri þessi skulu gerð úr niðurbrotanlegu efni, s.s. léttbrenndum leir, tré, hertum pappa eða öðru jafngildu efni.

Þó má notast við ker úr haldmeira efni sem ekki veldur mengun í jarðvegi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku utan kirkjugarða skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu. Nota skal sérstök öskudreifingaker, þegar ösku er dreift á þar til gerða reiti innan kirkjugarðs.

Ef aska hins látna er ekki jarðsett, þegar að lokinni líkbrennslu, skal duftkeri komið fyrir í læstum traustum skáp við bálstofuna. Þurfi að senda öskuna til annarra staða skulu forráðamenn bálstofu búa um kerid á tilhlýðilegan og öruggan hátt. Viðtakendur duftkersins skulu staðfesta móttöku þess skriflega. Viðtakendur geta verið aðstandendur, hlutaðeigandi sóknarprestar, starfsmenn í útfararþjónustu, kirkjugarðsverðir eða eftir atvikum forráðamenn bálstofu, sem svo skulu sjá um jarðsetningu öskunnar.

#### 15. gr.

Stjórnendur kirkjugarðs skulu hafa samráð við stjórnendur bálstofu, sem liggur að kirkjugarði, um efni þessarar reglugerðar, nema um sömu stjórn sé að ræða. Um duftreiti og kapellur innan kirkjugarða fer eftir þeim reglum sem settar hafa verið af stjórnendum viðkomandi kirkjugarðs.

#### 16. gr.

Vilji stjórnendur bálstofu koma upp duftreitum eða geymsluhvelfingum utan kirkjugarða, en þó í sambandi við bálstofuna, er slíkt heimilt að fengnu samþykki ráðuneytisins, sem setur reglur um slíka starfsemi.

#### 17. gr.

Ráðuneytið skal ávallt eiga aðgang að öllum bókum og skjölum bálstofu. Ef bálstofa er lögð niður skulu öll skjöl og bálfarabækur afhentar Þjóðskjalasafninu.

### V. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 18. gr.

Ef brotin eru fyrirmæli III. og IV. kafla reglugerðar þessarar, svo og fyrirmæli stjórnvalda sem byggð eru á þeim, getur ráðuneytið svipt bálstofu viðurkenningu skv. 9. gr. uns ráðuneytið telur tryggt að nægilegar úrbætur hafi átt sér stað.

#### 19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða að öðru leyti viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

#### 20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 50. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, öðlast gildi 1. október 2005. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 4/1951 um framkvæmd líkbrennslu og reglugerð nr. 669/2005 um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
890	27. sept.	Reglur Samkeppniseftirlitsins um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmeitt samráð fyrirtækja .....	1887-1890
891	26. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 86/1998, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands .....	1891
892	13. sept.	Reglur um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands .....	1891-1892
893	14. sept.	Auglýsing um umferð í Reykhólahreppi .....	1892
894	26. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um stjórn lögreglurannsóknna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála nr. 396 27. júní 1997 .....	1892-1893
895	13. sept.	Reglur um breytingu á reglum nr. 844/2001, um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands .....	1893
896	19. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, nr. 544/2004 .....	1893-1894
897	23. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis og um deiliskipulag Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi .....	1894-1895
898	27. sept.	Reglur um breytingar á reglum er varða hópundanþágur .....	1895-1896
899	30. sept.	Reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu .....	1896-1900

